

Litlir sönghópar á Íslandi á 20. öld

Linda Björg Guðmundsdóttir

Listaháskóli Íslands
Tónlistardeild
Skapandi tónlistarmiðlun

Litlir sönghópar á Íslandi á 20. öld

Linda Björg Guðmundsdóttir
Leiðbeinandi: Gunnsteinn Ólafsson
Vorönn 2014

Ágrip

Þegar ég byrjaði að kynna mér kvartettsöng á Íslandi hafði mig aldrei grunað hversu vinsælt það söngform væri. Mikið hefur verið skrifað um kórstarf og fimmundarsöng og þess vegna langaði mig til að líta betur á litla sönghópa þar sem lítið er til um það efni. Kvartettastarfsemi var mjög áberandi á 20. öld eða frá um 1930. Ekki höfðu allir kvartettar heiti eða urðu vinsælir á landsmælikvarða en nánast var starfandi kvartett í hverju byggðarlagi. Algengt var að kvartettar væru stofnaðir í tengslum við kórastarfsemi. Ég valdi sjö sönghópa sem eru nokkurs konar fulltrúar síns áratugar, frá árunum 1930-2000. Ég byrja á fyrirmynd sönghópanna, MA-kvartettinum, síðan fjalla ég um kvintettinn Öskubuskur, stúlknakvartettinn Eyrarrósir, blandaðan kvartett á Siglufirði, þjóðlagahópin Lítíð eitt, rakarakvartett Fóstbræðra og síðast segi ég frá Tjarnarkvartettinum. Amma mín og afi voru bæði í kvartettum þegar þau voru yngri og vakti það áhuga minn að heyra hversu mikilvæg þessi starfsemi hafi verið fyrir smærri, jafnt sem stærri byggðalög vegna félagslífsins. Ég tek fyrir fjölbreytta hópa og skoða hvað aðskilur þá en einnig hvað tengir þá saman. Ég fer í gegnum sögu hvers hóps og mun auk þess líta á umhverfið sem mótar sönghópana, hvaða áhrifum þeir urðu fyrir og áhrif sönghópanna á íslenskt tónlistarlíf.

Efnisyfirlit

Söngurinn skemmtir og sameinar 7

Upphaf kvartetta á Íslandi - MA-kvartettinn 8

Frumkvöðull sönghópanna 8

Öskubuskur 9

Listahópur 10

Lögðu af stað í leigubíl 10

Frá kvintett í dúett og síðar sóló 11

Eyrarrósir 12

Blómstrandi mannlíf 12

Skemmtanir og togaraböll 13

Blandaður kvartett frá Siglufirði 14

Kveiktu ljós 14

Raddskipan 14

Líf og fjör á Siglufirði 15

Lítið eitt 15

Áhrifavaldar og skyndilegur frami 16

Lítið eitt breytt 17

Kvöldstund í sjónvarpinu 18

Síðustu plötuútgáfunar 18

„Barbershop“-kvartett Fóstbræðra 19

„Það er ekkert að gerast“ 20

Tjarnarkvartettinn 21

Nótnalestur ekki sterkasta hliðin 21

Lagaval og leiklistin 22

Ferðalög 23

Starfað af fullum krafti 24

Lokaorð 25

Heimildaskrá 26

Söngurinn skemmtir og sameinar

Raddaður söngur hefur ávallt verið stór hluti af íslenskri tónlistarmenningu. Íslendingar virðast hafa mikinn áhuga á samsöng því kórvæðing Íslands varð á ótrúlega skömmum tíma, innan kirkjunnar og einnig utan. Karlakórarnir hafa verið langlífastir, þar má nefna Karlakór KFUM (sem síðar varð Fóstbræður), stofnaður 1916 og áratug síðar Karlakór Reykjavíkur. Með þessari söngvæðingu fylgdi fjölbreytt útgáfustarfsemi, bæði nótur í söngheftum og leiðbeiningar.¹ Auk þess hafa kórar landsins verið duglegir að gefa út tónlist sína.

Þorkell Sigurbjörnsson orðaði mikilvægi kórastarfs vel: „Allt þetta öfluga kórstarf, barna, unglunga og fullorðinna, hefur ekki eingöngu stuðlað að vaxandi menningu heima fyrir, heldur og gert Íslendinga gildari í samfélagi þjóðanna.“² Hvers vegna spruttu litlir sönghópar upp á Íslandi á 20. öld? Oft innan kóra byrja nokkrir meðlimir að koma sér saman og búa til kvartett eða annars konar sönghópa. Af hverju gerist það? Af hverju er ekki nóg að syngja í kórnum? Hvað verður til þess að kvartettamenning hér á Íslandi verður svona vinsæl?

¹ Þorkell Sigurbjörnsson, *Tónlist á Íslandi*, Ísafoldarprentsmiðja h.f., Reykjavík, 1985, bls. 39.

² Þorkell Sigurbjörnsson, *Tónlist á Íslandi*, bls. 41.

Upphaf kvartetta á Íslandi - MA-kvartettinn

Á 20. öld nutu söngkvartettar mikilla vinsælda og spratt hver söngsveitin upp á fætur annarri. Söngsveitirnir ferðuðust um landið allt og sungu sig inn í hug og hjörtu landsmanna á ýmsum mannamótum.³ Mikilvægt er að vita hvernig allt saman byrjaði og má segja að MA-kvartettinn hafi verið fyrirmynd að starfsemi söngkvartetta á Íslandi. Meira hefur verið skrifað um MA-kvartettinn en aðra kvartetta og sönghópa sem ég tek hér fyrir og legg því minni áherslu á hann. Kvartettinn var virkur frá því seint á fjórða áratugnum og framan af þeim fimmta og vegna hans fylgdu margir kvartettar í kjölfarið. Mikilvægt er að skoða áhrifin sem MA-kvartettinn hafði á tónlistarlíf þjóðarinnar.

Frumkvöðull sönghópanna

MA-kvartettinn var stofnaður veturinn 1932-33. Fjórir nemendur Menntaskólans á Akureyri, sem ekki komust heim í jólafrí, byrjuðu að raula saman vegna þess að þeim leiddist í fríinu.⁴ Þetta voru þeir bræðurnir Þorgeir og Steinþór Gestssynir, Jón Jónsson og Jakob Hafsteinn. Þorgeir söng fyrsta bassa, Steinþór annan tenór, Jakob fyrsta tenór og Jón annan bassa.⁵ Söngurinn átti ekki að vera neitt meira en það að stytta þeim stundir nema hvað að það vantaði skemmtiatriði á bekkjarskemmtun. Þá æfðu þeir saman nokkur Bellmannslög og þótti takast svo vel til að þeir héldu áfram. Þeir æfðu mikið þennan vetur og sungu í skólanum og í útvarpinu.

Fyrst um sinn tók kvartettinn mest létt lög sem til voru á nótum og þeir æfðu sjálfir þar til löngu seinna þegar þeir fengu undirleikara,⁶ en það var árið 1937 þegar

³ „Átta lög sungin af MA-kvartettinum komin út á hljómplötum“, í *Alþýðublaðinu*, 32. árgangur, 31. tölublað, 7. febrúar, 1951, bls. 7, sótt 13. október 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=66116&pageId=1086041&lang=is&q=MA%20kvartettinn%20kvartettinn, Gagnasafn Landsbókasafns Íslands.

⁴ Sigurður Hreiðar, „Þeir hættu þegar hæst bar en eru ennþá vinsælastir“, í *Vikunni*, 25. árg., 44. tbl., 31. október, 1963, bls. 20, sótt 13. október 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=298561&pageId=4444724&lang=is&q=MA%20KVARTETTINN, Gagnasafn Landsbókasafns Íslands.

⁵ Sigurður Hreiðar, „Þeir hættu þegar hæst bar en eru ennþá vinsælastir“, bls. 75.

⁶ Sigurður Hreiðar, „Þeir hættu þegar hæst bar en eru ennþá vinsælastir“, bls. 20.

Bjarni Þórðarson píanóleikari⁷ slóst í för auk Carl Billichs sem hjálpaði kvartettinum við útsetningar og æfingar.⁸

Eftir skólagöngu héldu þeir sjálfstæðar skemmtanir í Nýja bíói og á fleiri stöðum. Þeir skemmtu minna á samkomum hjá öðrum, þó það hafi komið fyrir.⁹

Árið 1942 söng MA-kvartettinn átta lög inn á fjórar plötur. Var þetta á stríðsárunum og svo erfitt að ná í efni að þeir máttu ekki við því að eyðileggja eina einustu upptöku. Plöturnar voru teknar upp fyrir útvarpið og síðar gaf Hljóðfæraverzlun Sigríðar Helgadóttur plöturnar út.¹⁰ Þetta voru því miður einu upptökurnar sem varðveittust af söng þessa vinsæla kvartetts og var auk þess í seinasta skiptið sem fjórmeningarnir sungu saman.¹¹

Öskubuskur

Árið 1945 í Ingimarsskólanum í Reykjavík voru nokkrar stúlkur sem höfðu fengist við að syngja á stúkuskemmtunum. Einn dag gekk illa að skrapa saman í skemmtiatriði fyrir skólann og má segja að þá hafi kvintettinn Öskubuskur orðið til.¹² Þetta voru þær Sigrún Jónsdóttir, Inga Einarsdóttir, Margrét Björnsdóttir, Svava Vilbergsdóttir og Sólveig Jóhannsdóttir.¹³

⁷ Sigurður Hreiðar, „Þeir hættu þegar hæst bar en eru ennþá vinsælastir“, bls. 75.

⁸ Friðjón Þórðarson, „Carl Billich tónlistarmaður“, í *Morgunblaðinu*, 77. árg., 248. tbl., 31. október, 1989, bls. 42, sótt 2. janúar 2014, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=122849&pageId=1711880&lang=is&q=Carl%20Billich%20Carl%20Billich, Gagnasafn Landsbókasafns Íslands.

⁹ Sigurður Hreiðar, „Þeir hættu þegar hæst bar en eru ennþá vinsælastir“, bls. 20.

¹⁰ Sigurður Hreiðar, „Þeir hættu þegar hæst bar en eru ennþá vinsælastir“, bls. 21.

¹¹ „Átta lög sungin af MA-kvartettinum komin út á hljómplötum“, bls. 7.

¹² Ellý Vilhjálmisdóttir, „Barneignir og hjónabönd tvístruðu Öskubuskum“, í *Lesbók Morgunblaðsins*, 61. árg., 19. tbl., 24. maí 1986, bls. 4, sótt 20. október 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=242269&pageId=3305043&lang=is&q=%D6skubuskur, Gagnasafn Landsbókasafns Íslands.

¹³ „Öskubuskur“, í *Jazzblaðinu*, 1. árg., 3. tbl., 1. apríl 1948, bls. 11, sótt 23. október 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=332500&pageId=5221543&lang=is&q=%D6skubuskur, Gagnasafn Landsbókasafns Íslands.

Listahópur

Sigrún Jónsdóttir var leiðtogi hópsins og útsetti það sem stúlkurnar sungu. Hún skrifaði útsetningarnar ekki niður en gat þó lesið nótur. Venjulega var sungið í fjórum eða þremur röddum og samdi Sigrún hverja rödd fyrir sig og kenndi svo stelpunum. Sigrún sótti söngtíma og lærði á mandólín hjá Haraldi Guðmundssyni. Hún spilaði alltaf undir á gítar fyrir Öskubuskur þrátt fyrir að hafa aldrei lært á gítar en hún kundi vinnukonugripin.¹⁴ Alltaf var mikil samvinna innan hópsins.¹⁵

Margréti Björnsdóttur var margt til lista lagt. Hún og Sigrún stóðu tvær eftir þegar Öskubuskur luku ferli sínum og sungu þær saman á plötu sem tekin var upp með nafni hópsins. Margrét æfði ballet og kom fram í ýmsum sýningum, einkum í revíusýningum Bláu stjörnunnar og í Nýársnóttinni á vegum Þjóðleikhússins. Hún gat saumað á alla fjölskylduna og hafði tekjur af saumaskap.

Sólveig Jóhannsdóttir stundaði nám við Leiklistaskóla Ævars Kvarans og síðar við Leiklistarskóla Þjóðleikhússins eftir námið í Ingimarsskóla. Hún vann hjá Leikfélagi Hafnarfjarðar um árabíl ásamt ýmsum öðrum leikhópum.¹⁶

Svava Vilbergsdóttir söng í öðrum sönghóp sem kallaði sig Stallsystur og var tónlistin ávallt stór þáttur í lífi hennar.¹⁷

Lögðu af stað í leigubíl

Nafnið á hópinn kom að öllum líkindum frá Sólveigu og mömmu hennar. Öskubuskur var gott og íslenskt nafn að mati stúlkanna. Mamma Sigrúnar stakk upp á því að þær myndu kalla sig Dægurflugur en það féll ekki í góðan jarðveg.¹⁸

Fólk tók vel á móti sönghópnum og voru Öskubuskur beðnar um að koma víða fram til að syngja á skemmtunum og fengu þær greitt fyrir. Þær voru 15 ára

¹⁴ Viðtal Bjarka Sveinbjörnssonar við Sigrúnu Jónsdóttur, 16. september 2011. Sjá viðauka I.

¹⁵ Ellý Vilhjálmisdóttir, „Barneignir og hjónabönd tvístruðu Öskubuskum“, bls. 4.

¹⁶ *Sólveig Jóhannsdóttir Morávek*, Íslenska menntanetið, sótt 30. október 2013, <http://www.ismennt.is/not/gskst/soro/Solveig.htm>

¹⁷ Jón Baldur Hlíðberg, „Svava S. Vilbergsdóttir,“ í *Minningargreinum Morgunblaðsins*, 7. desember, 2005, 28. nóvember 2013, http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1054155/?item_num=0&searchid=cae2922c5c5b9ed8dc5135c7b98fcf3f920307b3, Greinasafn Morgunblaðsins.

¹⁸ Viðtal Bjarka Sveinbjörnssonar við Sigrúnu Jónsdóttur, 16. september 2011.

gamlar og fannst móttökurnar ótrúlegar. Datt þeim það snjallræði í hug að leigja bíl og bílstjóra, Jakob Sveinbjörnsson, hjá BSR og leggja af stað út í bláinn.¹⁹ Öskubuskur ferðuðust um landið, héldu skemmtanir á Austurlandi, fóru til Reyðarfjarðar, Vestmannaeyja og sungu víða á Akureyri.²⁰ Stjórnmalámennt vildu oft lífga upp á fundina hjá sér og þá fylgdu stelpurnar þeim og sungu fjögur til fimm lög.²¹ Þær sungu gamanvísur, íslensk sem erlend þjóðlög og fleira léttmeti.

Stundum á ferðalögum sínum höfðu þær dansatriði á milli laga. Þær dönsuðu „jitterbug“ sem var vinsælt. Þær sóttu fyrirmyndir sínar úr bíómyndum og klæddu sig í viðeigandi fatnað eftir lagavali og höfðu alls konar búninga meðferðis.

Stelpurnar komu fram í revíum hjá Halldóri Á. Sigurðssyni. Revíur voru skemmtanir þar sem fluttar voru gamanvísur, leikþættir og ýmiss konar skemmtiatriði. Fólk kom á revíuna, borðaði og horfði á sýninguna.

Frá kvintett í dúett og síðar sóló

Það varð erfitt fyrir Öskubuskur að halda hópinn. Hjónaböndin og börnin komu til sögunnar og lauk því samstarfinu, enda var það aldrei hugsað nema sem skemmtiatriði á gagnfræðaskólaskemmtun.²² Sigrún og Margrét héldu áfram með Öskubuskur og sungu þær inn á plötu sem tekin var upp undir nafni hópsins.²³

Sigrún Jónsdóttir átti lengsta söngferilinn af Öskubuskum. Hún hafði stundum átt sóló með þeim en ferill hennar sem dægurlagasöngkona byrjaði með Ólafi Gauk. Fyrsta hljómsveitin sem Sigrún söng í var sex til sjö manna hljómsveit Ólafs Gauks. Sungu þau saman á skemmtistaðnum Mjólkurstöðinni. Sigrún söng með mörgum hljómsveitum og flakkaði mikið á milli. Hún söng meðal annars með Birni R. Einarssyni og hljómsveit, G.O. kvintettnum (kvintett Gunnars Ormslev) og K.K. sextettnum. Sigrún söng líka með Hauki Morteins, Alfreð Clausen og vann með

¹⁹ Ellý Vilhjálmsdóttir, „Barneignir og hjónabönd tvístruðu Öskubuskum“, bls. 4.

²⁰ Viðtal Bjarka Sveinbjörnssonar við Sigrúnu Jónsdóttur, 16. september 2011.

²¹ Ellý Vilhjálmsdóttir, „Barneignir og hjónabönd tvístruðu Öskubuskum“, bls. 4.

²² Ellý Vilhjálmsdóttir, „Barneignir og hjónabönd tvístruðu Öskubuskum“, bls. 5.

²³ Björn Bragi Jónsson, „Margrét Björnsdóttir - viðbót Hjartkær vinkona okkar, Margrét Björnsdóttir“, í *Minningargreinum Morgunblaðsins*, 11. júní 1993, 28. nóvember 2013, <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/106967/>, Greinasafn Morgunblaðsins.

hljómsveit Jan Moráveks, eiginmanni Sólveigar úr Öskubuskum. Hljómsveitirnar voru ekki allar eins, til dæmis má nefna að K.K. sextettinn var með fastar útsetningar en þó gat sumt verið frjálst. K.K. spilaði djass en hljómsveit Moráveks bar keim af austur-evrópskri tónlist.²⁴

Sigrún hafði komið fram á nærri öllum veitinga- og skemmtistöðum í Reykjavík og var því ein vinsælasta dægurlagasöngkona landsins um og eftir 1950.²⁵

Eyrarrósir

Eyrarrósir var stúlnakvartett sem starfaði á Flateyri í kringum árin 1949 til 1953. Sjálfsagt hafa Eyrarrósirnar sprungið út vegna tónlistaruppeldis í barnaskólanum á Flateyri þar sem Sigríður Benediktsdóttir stjórnaði fjórradda barnakór. Mikið söng- og félagslíf var á þessum tíma í bænum og tóku flestir þátt. Á hverjum vetri voru sett upp leikrit eða þá söngleikir.

Það má segja að upphaf kvartettsins hafi verið við fermingu. Meðlimir hópsins voru Jónína Ásbjarnardóttir, Sara Vilbergsdóttir, Geira Helgadóttir og Ingibjörg Margrét Kristjánsdóttir. Jónína og Sara fengu báðar gítar í fermingargjöf, sem þótti algeng gjöf, og byrjuðu þær að syngja í kirkjukórnum eftir fermingu. Jónína og Sara eru fæddar 1935 en Geira og Ingibjörg árinu áður. Engin af þeim las nótur eða hafði einhverja sérstaka tónlistarmenntun eða reynslu nema þá aðeins úr barnakórnum og raddanir í sálum kirkjukórsins. Rödduðu þær eftir því sem hentaði. Þær skiptu sér niður þannig að tvær sungu sópran og tvær voru í millirödd. Jónína og Sara léku undir á gítar vinnukonugripin svokölluðu sem þær vissu af og lærðu sjálfar. En Sara, sem kom úr músíkalskri fjölskyldu þar sem þrír bræður hennar spiluðu á hljóðfæri, spilaði jafnt á píanó og gítar.

Blómstrandir mannlíf

Áður en Eyrarrósir byrjuðu var annar kvennakvartett starfandi á Flateyri árið 1943. Átti sá kvartett ekkert sérstakt nafn en meðlimir þess hóps voru Steinunn Jónsdóttir, Hrefna Kristjana Maríasdóttir, Erla Ásgeirsdóttir og Sigríður Jónsdóttir. Sigríður var

²⁴ Viðtal Bjarka Sveinbjörnssonar við Sigrúnu Jónsdóttur, 16. september 2011.

²⁵ Ellý Vilhjálmisdóttir, „Barneignir og hjónabönd tvístruðu Öskubuskum“, bls. 4.

fóstursystir Ingibjargar í Eyrarrósum. Karlakvartett byrjaði starfsemi á svipuðum tíma og Eyrarrósir, en þeir sungu glúnta, sænska stúdentasöngva, ásamt fleiri söngvum og komu fram á skemmtunum líkt og Eyrarrósir.

Eyrarrósir komu fyrst fram á vegum íþróttafélagsins. Þær saumuðu á sig svartar stuttar satínboxur með uppábroti og voru í hvítum herraskyrtum með barðastóra hatta. Stúlkurnar voru eflaust undir áhrifum hernámsáranna. Þær sungu mikið af amerískum lögum með enskum textum þó þær kynnu lítið í ensku. Fyrirmynd Eyrarrósa var kvintettinn Öskubuskur. Einnig héldu þær mikið upp á Sigfús Halldórsson og sungu þær mikið af lögum eftir hann og fleiri íslensk og ensk dægurlög. Lögin „Litla flugan“ eftir Sigfús og „Stafróf ástarinnar“, sem Raggi Bjarna gerði vinsælt, voru í uppáhaldi. Þær sungu líka lög eftir Oddgeir Kristjánsson frá Vestmannaeyjum, Steingrím Sigfússon frá Patreksfirði og Jón Jónsson frá Hvanná.

Um það leiti sem Eyrarrósir byrja ferilinn búa um 350 til 400 manns á Flateyri, mannlífið blómstrandi og fjölmargar verslanir í rekstri, þar á meðal bókabúð, handavinnubúð og pöntunarfélag. Ýmis virk starfandi félög voru, t.d. kvenfélagið, íþróttafélagið, leikfélagið og slysavarnarfélagið. Þurfti hver og einn að vera trúr sinni heimabyggð og fengu stelpurnar aldrei greitt fyrir flutning en selt var inn á skemmtanir og fór sá ágóði beint til félaganna sem á þurftu að halda. Kvenfélagið sá um allt sem viðkom börnunum sem fæddust heima við og keypt voru tæki fyrir sjúkraskýlið. Kirkjan var styrkt fyrir kaupum á fermingarkirtlum. Börn sem skiluðu góðum árangri í skólanum fengu styrk og byggður var barnaleikvöllur.

Skemmtanir og togaraböll

Eyrarrósir sungu saman í samkomuhúsinu þar sem skemmtanirnar voru yfirleitt haldnar. Svo þegar veðrið var vont lágu togararnir inni á Öfundarfirði eða jafnvel uppi við bryggju. Þá var oft slegið upp balli, svokölluðu togaraballi, og stundum skemmtunum.

Í kringum 1952 fer Ingibjörg frá Flateyri og Guðfinna Jóhannesdóttir kemur í hennar stað. Eyrarrósir syngja svo saman fram á haustið 1953 en þá fara Jónína og Geira í skóla á Ísafirði. Hópurinn söng heldur óreglulega eftir það. Ingibjörg flutti til Reykjavíkur og giftist síðar í Albuquerque í Nýju Mexíkó. Guðfinna giftist á Flateyri og flutti til Akureyrar og síðar til Reykjavíkur. Á 70 ára afmæli Flateyrar, árið 1992,

hittust þær aftur og komu fram á skemmtun ásamt Vilbergi Vilbergssyni, betur þekktum sem Villa Valla, rakara og tónlistarmanni með meiru. Það var í seinasta sinn sem Eyrarrósir sungu saman.²⁶

Blandaður kvartett frá Siglufirði

Karllakórinn Vísir hafði óvenjulegan kvartett sem starfaði innan kórsins tímabilið 1960-70. Þetta var blandaður kvartett sem var skipaður af Magðalenu Jóhannesdóttur, sópran, Guðnýju Hilmarsdóttur, alt, Guðmundi Þorlákssyni, tenór og Marteini Jóhannessyni, bassa.

Kveiktu ljós

Samstarf kvartettsins byrjaði vegna lagsins „Kveiktu ljós“, sem heitir upprunanlega „A world of our own“ sem sungið var af áströlskum kvartett „The Seekers“. Lagið var útsett fyrir kórinn og hljómsveit af Geirharði Valtýssyni (Gerhard Schmidt), stjórnanda Vísis, sem einnig tók það að sér að stjórna blandaða kvartettnum. Lagið var tekið upp 1966 og var mjög vinsælt. Upp úr þessu söng kvartetttinn oft með kórnum á skemmtunum, s.s. á Sjómannadaginn og á árhátíðum hjá Lions eða Rótarý. Geirharður valdi lögin og útsetti fyrir þau og sáu Hafliði Guðmundsson og Bjarki Árnason um textagerð.

Síðar árið 1966 fóru kórinn og kvartetttinn í söngferð til Danmerkur, nánar tiltekið til Herning á Jótlandi sem er vinabær Siglufjarðar.

Raddskipan

Guðmundur var reyndasti tónlistarmaðurinn í kvartettnum og hafði áhrif á lagaval hans. Hann spilaði sjálfmenntaður á saxófón, harmónikku og melódiku. Guðmundur og bróðir hans Þórhallur spiluðu danstónlist saman ásamt Bjarka Árnasyni og kölluðu þeir sig Gautlandsbræður og Bjarka.

Marteinn las nótur og Guðný gat bjargað sér en öll sungu þau mikið og lærðu að þekkja tónbilin og formerkin í Tónskóla Siglufjarðar.

²⁶ Viðtal Lindu Bjargar Guðmundsdóttur við Jónínu Ásbjarnardóttur, 15. október 2013. Sjá viðauka II.

Líf og fjör á Siglufirði

Kvartettinn söng inn á stóra plötu með Karlakórnum Vísi og gáfu síðar út sjálf árið 1968²⁷ litla plötu sem einfaldlega bar heitið: „Blandaður kvartett frá Siglufirði“. Þetta var 45 snúninga plata með fjórum lögum, tvö lög á hvorri hlið. „La Mer“ eftir Trenet var þýtt sem „Útþrá“, „Manhattan Spiritual“ eftir Maxted sem „Dagdraumur“, „Walk with me“ eftir Springfield sem „Ljósið mitt“ og „Island in the Sun“ eftir Belafonte var þýtt sem „Æskumyndin“. Tekið var upp í útvarpshúsinu.²⁸ Geirharður útsetti lögin sem eiga sér öll erlendan uppruna og sá hljómsveitin Gautar um tónlistarflutning. Má með sanni segja að hljómplatan sé al-siglfirsk því allir söngvarar, hljóðfæraleikarar og textahöfundar voru þá búsettir á Siglufirði.²⁹

Vegna einangrunar á Siglufirði héldu menn skemmtanir til að halda félagslífinu lifandi og var búinn til kvartett fyrir hverja skemmtun. Iðnaðarmannafélagið hóaði í iðnaðarmenn fyrir sína skemmtun og önnur félög kölluðu einnig á menn innan sinna raða. Aðrir kvartettar störfuðu innan Vísis en þetta var eini blandaði kvartettinn.

Marteinn flytur suður 1974 og lauk samstarfi hópsins stuttu áður. Guðmundur og Guðný eru bæði látin. Magðalena býr á Selfossi og Marteinn í Reykjavík.

Lítið eitt

Árið 1969 fengu nokkrir nemendur í Flensborg í Hafnarfirði þá hugmynd að koma fram á árshátíð skólans. Þetta voru þeir Gunnar Gunnarsson, Steinþór Einarsson og Hreiðar Sigurjónsson. Gunnar og Steinþór voru jafnaldrar og ólust upp saman. Hreiðar var einu ári eldri. Sungu félagarnir saman á árshátíðinni, komu fram í baðstofu sem var sett upp og héldu uppi fjöldasöng.

²⁷ „Vel heppnað landsmót lúðrasveita“, í *Verkamanninum*, 50. árg., 19. tbl., 12. júlí 1968, bls. 6, 2. janúar 2014, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=178180&pageId=2312540&lang=is&q=blanda%F0ur%20kvartett, Gagnasafn Landsbókasafns Íslands.

²⁸ Viðtal Lindu Bjargar Guðmundsdóttur við Marteín Jóhannesson, 5. desember 2013. Sjá viðauka III.

²⁹ Trenet, Bjarki Árnason, Maxted, H. Guðmundsson, Springfield og Belafonte, *Blandaður kvartett frá Siglufirði*, Magðalena Jóhannesdóttir, Guðný Hilmarsdóttir, Guðmundur Þorláksson, Marteinn Jóhannesson og hljómsveitin Gautar, Stef, Siglufjörður, 1968.

Fljótlega voru strákarnir orðnir vinsælt söngtrío og stakk Hreiðar upp á því að þeir myndu kalla sig „Lítið eitt“.³⁰ Bendir nafnið til hæversku en aðalástæðan fyrir nafninu getur hafa verið að þeir fluttu lítið eitt af öllu.

Til að byrja með spiluðu allir meðlimir undir á gítar en komust fljótt að því að bassalausir gætu þeir ekki verið og endaði hljómsveitarskipan þannig að Steinþór lék á kontrabassa og söng, Gunnar söng og spilaði á gítar, þótti það sérstakt að hann spilaði örvhent, Hreiðar spilaði líka á gítar og söng.³¹ Ekki var nein sérstök raddskipan heldur bjuggu meðlimir tríósins til raddir eftir hentisemi. Engar raddsetningar voru skrifaðar niður og heldur ekki nein frumsamin lög en hljómar voru skrifaðir og raddirnar kenndar.³²

Áhrifavaldar og skyndilegur frami

Tríóið kom fram á þjóðlagakvöldi í Tónabæ stuttu eftir að þeir voru byrjaðir að spila saman og stálu þeir senunni frá listamönnum eins og Ríó tríóinu og Þremur á palli. Útsetning þeirra og túlkun vakti sérstaka athygli og lífleg sviðsframkoma. Strákunum var oft líkt við Ríó tríó og Savanna tríóið. Það var kannski ekki skrítið því að Lítið eitt og Ríó tríó fóru á sömu slóðir varðandi lög sem hljómsveitirnar leituðu að til flutnings. Strákarnir í Lítið eitt höfðu mikið dálæti á Peter Paul and Mary, Cat Mitchell og Kingston tríóinu. Gunnar var heillaður af Savanna tríóinu, lærði öll lögina þeirra og vildi líkja eftir þeim.

Félagarnir í Lítið eitt voru fljótir að veita þekktum hljómsveitum harða samkeppni og ferðuðust víða um landið t.d. um Verslunarmannahelgina til þess að spila á skemmtunum. Þeir voru mjög vinsælir hjá kvenþjóðinni og spiluðu fyrir kvenfélög og fengu að launum kók og kleinur.

1972 gáfu þeir út sína fyrstu plötu. Þetta var fjögurra laga mono-plata sem gefin var út af Tónaútgáfunni og stóðu upptökur samtals í 15 tíma í stúdíói Ríkisútvarpsins undir

³⁰ Viðtal Lindu Bjargar Guðmundsdóttur við Gunnar Gunnarsson, 27. nóvember 2013. Sjá viðauka IV.

³¹ Óútgefin heimild, „Úrklippubók Gunnars Gunnarssonar“, fengin hjá Gunnari Gunnarssyni 27. nóvember 2013.

³² Viðtal Lindu Bjargar Guðmundsdóttur við Gunnar Gunnarsson, 27. nóvember 2013.

stjórn Péturs Steingrímssonar. Með þessari plötu höfðu þeir sýnt fram á sjálfstæðari stíl. Öll löggin á plötunni eru erlend (textinn þýddur á íslensku) nema það síðasta sem er samið af Gunnari. Strákunum fannst slæmt hversu langan tíma það tók að taka upp því í stað þess að taka plötuna alla upp í einu var það gert í þrennu lagi á nokkrum dögum vegna annarra verkefna.

Þessi plata tríosins er allgóð og alls ekki verri en fyrstu plötur annarra söngtríóa. Þannig er undirleikurinn viðamikill og fellur vel saman við sönginn án þess þó að kæfa hann, en það heyrir fulllitið í bassanum. Löggin eru góð, að vísu er ég búinn að fá nóg af ástarsögunni, en hið bráðskemmtilega lag eftir Theodorakis bætir það upp og það er bezta lag plötunnar. Raddirnar í tríóinu falla vel saman þótt þær séu sín með hverju móti, en stundum er söngurinn smávegis stirður og er engu líkara en þeir í Lítið eitt hafi verið taugaóstyrkir í stúdíóinu og hafi ætlað að vanda sig einum um of. En þetta lagast með reynslunni og heyrir trúlega ekki á næstu plötu þeirra féлага, sem væntanlega verður 12 laga stereo-plata.³³

Lítið eitt breytt

Fram til sumarsins 1973 höfðu þremmenningarnir spilað en þá kom til tals að hætta starfseminni með öllu. Ekki varð úr því en samt ákvað Hreiðar að yfirgefa hópinn, þó ekki út af neinum leiðindum. Eftir smá hvíld héldu Gunnar og Steinhórn áfram starfseminni og fengu þeir til liðs við sig Berglindi Bjarnadóttur og Jón Árna Þórisson. Berglind var mjög ung þegar hún byrjaði að syngja með Lítið eitt, aðeins 15 ára.³⁴ Hún hafði sungið frá blautu barnsbeini og fundu Gunnar og Steinhórn hana þar sem hún söng í kór Öldutúnsskóla. Jón Árna fundu þeir á þjóðlagakvöldi, þar spilaði hann á gítar af mikilli list. Lítið eitt vann markvisst og skipulega og höfðu reglulegar æfingar.³⁵ Með þessum breytingum var hópurninn orðinn kvartett og með tilkomu Berglindar varð raddsetning fjölbreyttari en ella. Að jafnaði hafði sönghópurinn 40 mínútna efnisskrá og lögðu mikið í að hafa hana sem fjölbreytilegasta. Vandamál var að koma með ný erlend lög þar sem illa gekk að fá textana þýdda. Lítið eitt hélt aldrei tónleika á eigin vegum en spilaði mikið á veturna á árshátíðum ýmissa skóla og á skemmtunum. Yfir sumartímamann komu þau helst fram á 17. júní og um Verslunarmannahelgina.

³³ „Úrklippubók Gunnars Gunnarssonar“, dómur úr „Hljómplötur“ eftir Hauk Ingibergsson.

³⁴ „Úrklippubók Gunnars Gunnarssonar“.

³⁵ Viðtal Lindu Bjargar Guðmundsdóttur við Gunnar Gunnarsson, 27. nóvember 2013.

Um þetta leiti hafði Ríó tríó sett skóna á hilluna og einnig hópurinn Þrjú á palli og þar með orðið lítið um samkeppni.³⁶

Kvöldstund í sjónvarpinu

Lítið eitt fékk það verkefni að hafa umsjón með sjónvarpsþætti. Þátturinn hét „Kvöldstund“ og var sýndur í Ríkissjónvarpinu. Þættirnir gengu út á það að leita að fólki úti á landi sem var við mismunandi störf. Hópurinn spilaði alla jafna eitt til tvö lög í hverjum þætti og kynnti síðan aðra listamenn.³⁷ Egill Eðvarðsson og Jónas R. Jónsson stjórnðu þættinum. Í þættinum komu t.d. fram bræður frá Vestmannaeyjum og spiluðu saman á blokkflautu og orgel frumsamið lag sem þeir nefndu „Vestmannaeyjar“. Þetta voru bræðurnir Gísli og Arnþór Helgasynir sem urðu síðar landsfrægir tónlistar- og útvarpsmenn. Lítið eitt fannst vanta á fjölbreytnina en ekki skorti fólk sem söng eða skemmti með hljóðfæraleik. Fannst þeim helst ábótavant að hafa stutta og hnitmiðaða leikþætti. Sönghópurinn dreymdi einnig um að fara með kvikmyndatökuvélarnar út úr sjónvarpssal og á götuna.³⁸

Síðustu plötuútgáfunar

Í desember 1973 kom út önnur plata hljómsveitarinnar. 12 laga plata var tekin upp í London í Gooseberry Studios fyrir Á.Á. records og voru þrjú lög eftir Gunnar og tvö eftir Jón Árna. Textar laganna voru eftir ýmsa hafnfirski kennara og nokkur lög voru samin við ljóð þjóðskálda. Hljómsveitin fékk aðstoð frá fleiri tónlistarmönnum sem spiluðu inn á plötuna á fiðlu, óbó og selló. Jónas R. Jónsson stjórnaði upptökum en hafði hann aðstoðað Lítið eitt dyggilega við allan undirbúning. Taldi Lítið eitt að með þessari plötuútgáfu hefðu þau náð eins hátt og þau gátu og ætluðu þar með að draga sig í hlé og hugsa hvert um sitt.

Ekkert gerðist hjá þeim í tvö ár og virtist allt hafa lognast út af en þó gáfu þau út síðustu plötuna sína „Til hvers...?“ árið 1975. Hún var tekin upp í Hljóðrita h.f. í Hafnarfirði fyrir Fálkann. Fannst þeim þau eiga nokkur lög eftir sem hægt væri að

³⁶ „Úrklippubók Gunnars Gunnarssonar“.

³⁷ Viðtal Lindu Bjargar Guðmundsdóttur við Gunnar Gunnarsson, 27. nóvember 2013.

³⁸ „Úrklippubók Gunnars Gunnarssonar“.

vinna með og varð það til þess að þriðja platan kom út. Plötugagnrýnendur voru ánægðir með heildina en þóttust heyra að það vantaði upp á æfingu. Töldu þeir raddirnar hafa ryðgað nema rödd Berglindar sem lagði stund á söngnám. Söngnámið hafði að þeirra mati breytt náttúrulegum sjarma raddarinnar og raddbeitingarinnar, ekki alltaf til hins betra.

Lagavalið á plötunni var með svipuðu sniði og á fyrri plötum, nokkur þjóðlög og nokkur frumsamin. Best þótti plötugagnrýnendum lag Gunnars, titillag plötunnar, „Til hvers...?“ Það var samið við ljóð Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi. Upptakan þótti í heildina góð, hljóðfæraleikur allur jafn og öruggur.

Eftir þetta ævintýri héldu meðlimir hópsins hver í sína áttina. Strákarnir héldu áfram að stunda sitt nám og Berglind tók einsöngspróf og flutti síðan til Svíþjóðar til frekara náms. 1986 deyr Berglind, langt fyrir aldur fram vegna veikinda³⁹ og má segja að Lítið eitt hafi aldrei komið fram aftur vegna fráfalls hennar. Hljómsveitin varð aldrei söm án hennar.⁴⁰

„Barbershop“-kvartett Fóstbræðra

Það hefur aldrei verið nóg útrás fyrir söngglaða Fóstbræður að syngja aðeins í starfandi kórnum. Á þeim rúmum áttatíu árum sem liðin eru frá því að kórinn varð til hefur nær alltaf verið til einhvers konar útibú. Litlir sönghópar hafa sprottið upp og starfað ýmist í lengri eða skemmri tíma.⁴¹

„Barbershop“-kvartettar voru sjaldséðir á Íslandi. Þessi bandaríska hefð náði aldrei neinum vinsældum og því þótti það nokkurt nýmæli og vakti athygli að innan Fóstbræðra starfaði slíkur kvartett. Það var Þorsteinn R. Helgason sem átti frumkvæðið og fékk þá Þorgeir J. Andrésen, Sveinn Ingvarsson, Björn J. Emilsson og Einar H. Ágústsson með sér í lið til að mynda rakarakvartett.

³⁹ Steinþór Einarsson, „Kveðja“, í *Minningargreinum Morgunblaðsins*, 31. desember 1986, 5. desember 2013, <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/687/>, Greinasafn Morgunblaðsins.

⁴⁰ Viðtal Lindu Bjargar Guðmundsdóttur við Gunnar Gunnarsson, 27. nóvember 2013.

⁴¹ Páll Ásgeir Ásgeirsson, *Fóstbræðralag: saga Karlakórsins Fóstbræðra í níutíu ár*, Karlakórinn Fóstbræður, Reykjavík, 2001, bls. 238.

Helsta einkenni rakarakvartetta er að annar tenór syngur laglínuna og sá Sveinn um það. Þorgeir var fyrsti tenór og söng yfirrödd, Björn söng fyrsta bassa og Einar annan. Þorgeir var eini fjórmeninganna með tónlistarmenntun að baki en hann tók áttunda stig í söng við Söngskólann í Reykjavík undir handleiðslu Garðars Cortes. Þorgeir fór einnig til Þýskalands til frekara náms. Allir meðlimir sungu í 14 Fóstbræðrum og þóttu ágætis söngmenn.

1982 ferðuðust þeir til Bandaríkjanna ásamt Karlakór Fóstbræðra á hátíðina „Skandinavia today“ þar sem ýmsir Norðurlandahópar komu fram. Rakarakvartettinn kom ekki fram opinberlega en söng á skemmtunum eftir tónleika. Móttökurnar voru góðar meðal Bandaríkjamanna.

„Það er ekkert að gerast“

Æfingar kvartettsins fóru flestar fram heima hjá Þorsteini. Hann var vandvirkur maður og valdi hann lögina sem öll voru amerísk. Hann spilaði með hverja rödd fyrir sig. Þegar strákarnir voru orðnir stressaðir yfir söngnum sagði Þorsteinn oft við þá: „Strákar, það er ekkert að gerast!“

Kvartettinn kom helst fram á fjáröflunarskemmtunum, m.a. í Austurbæjarbíói. Þeir klæddu sig í viðeigandi búninga og var atriðið vinsælt.⁴² Fjáröflunin stóð á meðan félagsheimili Fóstbræðra var enn í byggingu.⁴³

Strákarnir voru fengnir til að koma fram í skemmtiþætti í sjónvarpinu. Fenginn var rakarastóll og sviðsmyndin sett upp alveg eins og á rakarastofu í Bandaríkjunum. Kvartettinn átti að vera að raka mann í stólnum með sápu og öllu tilheyrandi og sungu þeir á meðan.

Kvartettinn náði aldrei svo langt að gefa út plötu en Björn tók upp nokkur lög sjálfur. Það var áskorun fyrir strákana að syngja saman því enginn var undirleikurinn og þurfti allt að hljóma hreint og ákveðið. Ekki var mikið um fyrirmyndir heima né var barbershop áberandi í útvarpi. Þeir höfðu aðeins Þorstein sem sagði þeim til um raddbeitingu og áherslur.

⁴² Viðtal Lindu Bjargar Guðmundsdóttur við Þorgeir J. Andrésson, 9. desember 2013. Sjá viðauka V.

⁴³ Páll Ásgeir Ásgeirsson, *Fóstbræðralag: saga Karlakórsins Fóstbræðra í níutíu ár*, bls. 239.

Rakarakvartettinn starfaði aðeins í nokkur ár. Þorgeir hætti 1983 í Fóstbræðrum og þá lagðist kvartettinn af. Allir meðlimir eru þó enn syngjandi í dag.⁴⁴

Tjarnarkvartettinn

Árin 1989-90 spratt upp hugmyndin að stofnun Tjarnarkvartettsins. Það var í kjölfar söngs nokkurra fjölskyldumeðlima í brúðkaupi norður á Tjörn í Svarfaðardal. Þetta voru bræðurnir Hjörleifur og Kristján Hjartarsynir og eiginkonur þeirra, Rósa Kristín Baldursdóttir og Kristjana Arngrímsdóttir. Þau ákváðu að prófa raddirnar saman og var það fyrir tilviljun að þær hentuðu saman í kvartettsöng. Raddskipanin var þannig: Rósa Kristín söng sópran, Kristjana söng alt, Hjörleifur tenór og Kristján bassa. Voru þau alltaf fjögur og sungu mestmegnis acapella með einstaka undantekningum þó.

Manhattan Transfer-hópurinn var sá frægasti sem Tjarnarkvartettinn þekkti til en einnig var MK-kvartettinn þeim mikill innblástur. Þau kynntust á tónleikaferðalagi sænskum hópi sem hafði útskrifast frá Konunglega sænska tónlistarháskólanum á sínum tíma, The Real Group. Sungu þau saman á hátíð í Kaupmannahöfn og urðu vissulega fyrir miklum áhrifum frá þeim.

Nótnalestur ekki sterkasta hliðin

Rósa Kristín átti frumkvæðið að stofnun kvartettsins og stjórnaði honum alla tíð. Í því fólst að finna efni, stundum aðlaga það að þörfum kvartettsins og æfa. Hún kenndi raddanir og sá um allt sem viðkom því að stjórna. Rósa hefur frá barnsaldri verið í tónlistarnámi, fyrst í píanóleik og síðar í söng og tónlistarkennaranámi. Einnig hefur hún langa reynslu af kórstarfi þar sem hún söng í Mótettukór Hallgrímskirkju.

Hjörleifur er sjálfmenntaður gítarleikari og kynntist hann Rósu í tónmenntakennaradeild Kennaraháskóla Íslands þar sem þau lærðu bæði kórstjórn, söng og fleira. Hann og Kristján höfðu báðir sungið í Dómkórnum.

Kristján og Kristjana höfðu ekki verið í tónlistarnámi en tóku bæði mikinn þátt í starfsemi Leikfélags Dalvíkur og var þar mikið um tónlist. Þau tóku þátt í ýmsum verkum, t.d. má nefna „Saumastofuna“ eftir Kjartan Ragnarsson, en það var vinsælt leikrit með söngvum. Vegna mismunandi menntunar meðlima var oft erfitt að ná

⁴⁴ Viðtal Lindu Bjargar Guðmundsdóttur við Þorgeir J. Andrésón, 9. desember 2013.

tökum á flóknum útsetningum eins og þau fengust við á seinni árum. Nótalestur var ekki sterkasta hlið meðlima.

Lagaval og leiklistin

Lagaval hópsins einkenndist mjög af því sem hendi var næst. Til að byrja með var heilmikið af dæmigerðri íslenskri kórátónlist, bland í poka og allar mögulegar stíltegundir prófaðar. Fyrsti diskurinn sem Tjarnarkvartettinn gaf út er gott dæmi um þetta.⁴⁵

Á hljómdiski þessum kennir margra grasa eins og fjölskrúðug flóra og hægt er að búast við á einum diski, allt frá madrigölum til íslenskra dægurlaga og leikhústónlistar (sem flokkast ósjaldan undir góða slagara) og vorlaga, svo ekki sé minnst á syrpu með skandinavískum lögum og allt endar þetta með tveimur amerískum smellum. Mikið af þessu ágæta efni (t.d. dægurlögin) er í nýjum búningi, sérhönnuðum fyrir kvartettinn.

Skemmst er frá því að segja að þetta er „öðruvísi“ og óvenjugóður kvartett (a.m.k. á landsmælikvarða), og með nokkrum ólíkindum að slíkur söngur komi frá bændum og búaliði og það frá einu býli!

Þetta er m.ö.o. ekkert móaraul (hvað þá gaul) heldur menntaður söngur og músikalskur vel, fullur með allskyns blæbrigðum í hljómi og framsetningu allri.⁴⁶

Fljótlega fékk kvartettinn aðstoð tónskálda og fól þeim það verkefni í hendur að semja eða útsetja fyrir þau og breytti það miklu.

Á meðal tónskálda sem samdi og útsetti fyrir kvartettinn er Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson. Það var þegar Tjarnarkvartettinn tók þátt í leiksýningunni „Systur í syndinni“ eftir Iðunni og Kristínu Steinsdætur⁴⁷ sem Leikfélag Akureyrar setti upp árið 1999 og sá kvartettinn alfarið um allan tónlistarflutning auk þess að leika. Vann

⁴⁵ Tölvupóstur frá Rósu Kristínu Baldursdóttur til Lindu Bjargar Guðmundsdóttur, 24. nóvember 2013. Sjá viðauka VI.

⁴⁶ Oddur Björnsson, „Tjarnarkvartettinn - Hvað er það?“, í *Morgunblaðinu*, 16. nóvember 1994, sótt 5. nóvember 2013, http://www.mbl.is/greinasafn/grein/163870/?item_num=131&searchid=3d8fe5415cdba71318bc6c9574a783654d9e0000, Greinasafn Morgunblaðsins.

⁴⁷ Oddur Björnsson, „Leikhúsið og Tjarnarkvartettinn“, í *Morgunblaðinu*, 21. maí 1999, sótt 5. nóvember 2013, http://www.mbl.is/greinasafn/grein/468980/?item_num=42&searchid=3d8fe5415cdba71318bc6c9574a783654d9e0000, Greinasafn Morgunblaðsins.

Hróðmar mikið með þeim og var þeim mikil hvatning.⁴⁸ Fimmta mannum var þá stundum bætt við, baritónsöngvaranum, Michael Jóni Clarke. Textarnir í sýningunni voru héðan og þaðan, gamlar þjóðvísur, sálmar, vísubrot o.s.frv.

Oddur Björnsson var staddur á einni sýningu og sagði hann hlut tónskáldsins og flutning Tjarnarkvartettsins í einu orði frábær; allt flutt af miklu og músíkölsku öryggi, góðri stíltilfinningu og smitandi sönggleði.⁴⁹

Ferðalög

Kvartettinn ferðaðist mikið, bæði innanlands og utan. Þau sungu á alls kyns tónlistarhátíðum og öðrum uppákomum. T.d. sungu þau á menningarhátíð í Kaupmannahöfn og á kvikmyndahátíðum í Mið-Evrópu.⁵⁰ Það var árið 1995 sem kvartettnum var boðið að syngja fyrir Íslands hönd á alþjóðlegri leiklistarhátíð í Tampere í Finnlandi. Auk þess hélt hópurinn tónleika víðar í Finnlandi og fékk góðar viðtökur og framúrskarandi dóma í finnskum blöðum.⁵¹

Hópurinn flutti dagskrá, sem byggð var á dagskránni sem þau fluttu á leiklistarhátíðinni í Tampere, fyrir á fjórða þúsund grunnskólanemendur á Íslandi. Dagskráin gaf nokkra mynd af sönglist á Íslandi fyrr og nú. Hófst hún á að nemendur heyrðu fimmundarsöng og fábreyttan rímnasöng. Tjarnarkvartettinn fræddi síðan um þjóðsögur og þjóðkvæði. Sagt var frá Sigvalda Kaldalóns, Jónasi Hallgrímssyni, Davíð Stefánssyni og Halldóri Laxness. Undir lok dagskrárinnar söng hópurinn lög eftir ýmsa höfunda samtímans. Þar má nefna Atla Heimi Sveinsson, Gunnar Reyni Sveinsson, Jón Hlökkver Áskelsson og Jón Múla Árnason. Lauk þessari tónleikasýrpu í

⁴⁸ Tölvupóstur frá Rósu Kristínu Baldursdóttur til Lindu Bjargar Guðmundsdóttur, 24. nóvember 2013.

⁴⁹ Oddur Björnsson, „Leikhúsið og Tjarnarkvartettinn“.

⁵⁰ Tölvupóstur frá Rósu Kristínu Baldursdóttur til Lindu Bjargar Guðmundsdóttur, 24. nóvember 2013.

⁵¹ Sig. Jóns. „Frábær söngur og aðlaðandi framkoma heilluðu áheyrendur“, í *Morgunblaðinu*, 7. nóvember 1995, sótt 5. nóvember 2013, http://www.mbl.is/greinasafn/grein/231614/?item_num=112&searchid=3d8fe5415cdba71318bc6c9574a783654d9e0000, Greinasafn Morgunblaðsins.

grunnskólum Hafnarfjarðar með fjölskyldutónleikum í Hafnarborg 26. mars 1998.⁵²
Þessi tónleikaferð var á vegum verkefnisins Tónlist fyrir alla.⁵³

Starfað af fullum krafti

Með tímanum tók kvartettstarfið meiri tíma og var mikilvægur hluti af tekjuöflun meðlima þó allir hafi starfað við annað samhliða. Kristján og Kristjana störfuðu sem bændur á Tjörn og Rósa og Hjörleifur voru kennarar. Þau héldu reglulega tónleika og sérstaklega útgáfutónleika þegar diskarnir komu á markað. Þau gáfu út fjóra diska; Tjarnarkvartettinn (1994), Á Jólanótt (1995),⁵⁴ Systur í Syndinni (1999)⁵⁵ og Í fíflúlpum (1998).⁵⁶

Slitnaði upp úr samstarfinu við skilnað Rósu og Hjörleifs árið 2000 en þá hafði kvartettinn verið starfandi af fullum krafti í 10 ár.⁵⁷

⁵² „Tónlist fyrir alla: Tjarnarkvartettinn í Hafnarborg“, í *Morgunblaðinu*, 86 árg., 71. tbl., 26. mars 1998, bls. 28, sótt 6. nóvember 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=130420&pageId=1901617&lang=is&q=Tjarnarkvartettinn%20%ED%20Hafnarborg,Gagnasafn Landsbókasafns Íslands.

⁵³ „Kvartett um Vesturland“, í *Morgunblaðinu*, 85. árg., 57. tbl., 9. mars 1997, bls. 19, sótt 6. nóvember 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=129323&pageId=1874296&lang=is&q=kvartett%20Kvartett%20um, Gagnasafn Landsbókasafns Íslands.

⁵⁴ Tónlist.is, *Á Jólanótt - Tjarnarkvartettinn*, D3 Miðlar ehf, sótt 6. nóvember 2013, http://www.tonlist.is/Music/Album/2050/tjarnarkvartettinn/a_jolanott/

⁵⁵ Hjálmar Jónsson og Ingunn Bjarnadóttir, *Húmar að mitt hinsta kvöld*, 1999, sótt 6. nóvember 2013, <http://www.youtube.com/watch?v=9IPqpUR4R6g>

⁵⁶ „Frá Tjörn í Svarfaðardal í Tjarnarbíó“, í *Morgunblaðinu*, 86 árg., 265 tbl., 20. nóvember 1998, bls. 31, sótt 6. nóvember 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=131163&pageId=1920076&lang=is&q=Fr%E1%20Tj%F6rn%20%ED%20Svarfa%F0ardal%20%ED%20Tjarnarb%ED%F3%20Svarfa%F0ardal%20%ED%20%ED, Gagnasafn Landsbókasafns Íslands.

⁵⁷ Tölvupóstur frá Rósu Kristínu Baldursdóttur til Lindu Bjargar Guðmundsdóttur, 24. nóvember 2013.

Lokaorð

Hér hefur verið sagt frá fjölmörgum sönghópum á Íslandi á 20. öld. Þeir segja samt ekki alla söguna. Við rannsókn mína kom alltaf betur og betur í ljós hversu algengt það var á landinu öllu að stofna kvartetta og alls konar sönghópa. Söngurinn er félagsleg þörf og allir hafa gaman af honum, bæði áheyrendur og flytjendur. Eflaust hafa verið til fjölmargir kvartettar áður en MA-kvartettinn steig fram en í kjölfar vinsælda hans reis bylgja samsöngsins. Þegar samgöngur og samskipti eru takmörkuð og einangrunin í litlum þorpum út á landi mikil þá nýta menn sér það sem er í boði. Eflaust höfðu menn meiri tíma þá og auðvelt var að safna saman nokkrum söngfélögum til að æfa. Í dag eru sönghópar ekki jafn áberandi. Mögulega er erfiðara að safna saman fólki og tækniframfarir hafa gert það að verkum að söngvarar geta sungið inn margar raddir í upptökum.

Það sem tengir alla sönghópana saman er að allt byrjar þetta til að skemmta sér og öðrum. Einnig var það algengt að fólk hafði ekki neina sérstaka tónlistarmenntun, hvað þá að geta lesið nótur. Öskubuskur, Eyrarrósir og Lítið eitt höfðu það sameiginlegt að hver og einn gat nýtt sér sköpunarhæfileika sína og sungið þá rödd sem vantaði. Flestir sönghópanna ferðuðust um landið og allir hóparnir höfðu sungið á einhverskonar skemmtunum. Allir sóttu fyrirmyndir erlendis frá að einhverju leyti og helst þá það sem var mest áberandi á hverjum tíma fyrir sig.

Raddskipan, hljóðfæranotkun, lög og uppsetning hópanna er með mismunandi sniði. Áherslur hópanna á framsetningu og flutning er misjöfn.

Það er greinilegt að það sem drífur þessa hópa áfram er félagslífið. Fólk er orðið mun sjálfstæðara í dag varðandi tónlist og einangrunin er ekki eins mikil. Heimurinn er orðinn minni og auðveldara er að sækja í félagsskap. Það er áskorun fyrir hvaða hóp sem er að ná góðum samsöng, sérstaklega ef enginn undirleikur er. Samt sem áður halda Íslendingar sterkt í kórhefðina og standa þannig sterkari saman.

Heimildaskrá

Bækur

Páll Ásgeir Ásgeirsson, *Fóstbræðralag: saga Karla kórsins Fóstbræðra í níutíu ár*, Karla kórinn Fóstbræður, Reykjavík, 2001.

Porkell Sigurbjörnsson, *Tónlist á Íslandi*, Ísafoldarprentsmiðja h.f., Reykjavík, 1985.

Vefsíður

„Átta lög sungin af MA-kvartettinum komin út á hljómplötum“, í *Alþýðublaðinu*, árg. 32, tbl. 31, 7. febrúar, 1951, bls. 7, sótt 13. október 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=66116&pageId=1086041&lang=is&q=MA%20kvartettinn%20kvartettinn, Gagnasafn Landsbókasafns Íslands.

Björn Bragi Jónsson, „Margrét Björnsdóttir - viðbót Hjartkær vinkona okkar, Margrét Björnsdóttir“, í *Minningargreinum Morgunblaðsins*, 11. júní 1993, sótt 28. nóvember 2013, <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/106967/>, Greinasafn Morgunblaðsins.

Ellý Vilhjálmisdóttir, „Barneignir og hjónabönd tvístruðu Öskubuskum“, í *Lesbók Morgunblaðsins*, árg. 61, tbl. 19, 24. maí 1986, bls. 4-5, sótt 20. október 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=242269&pageId=3305043&lang=is&q=%D6skubuskur, Gagnasafn Landsbókasafns Íslands.

„Frá Tjörn í Svarfaðardal í Tjarnarbió“, í *Morgunblaðinu*, árg. 86, tbl. 265, 20. nóvember 1998, bls. 31, sótt 6. nóvember 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=131163&pageId=1920076&lang=is&q=Fr%20Tj%F6rn%20%ED%20Svarfa%F0ardal%20%ED%20Tjarnarb%ED%F3%20Svarfa%F0ardal%20%ED%20%ED, Gagnasafn Landsbókasafns Íslands.

Friðjón Þórðarson, „Carl Billich tónlistarmaður“, í *Morgunblaðinu*, árg. 77, tbl. 248, 31. október 1989, bls. 42, sótt 2. janúar 2014, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=122849&pageId=1711880&lang=is&q=Carl%20Billich%20Carl%20Billich, Gagnasafn Landsbókasafns Íslands.

Jón Baldur Hlíðberg, „Svava S. Vilbergsdóttir“, í *Minningargreinum Morgunblaðsins*, 7. desember 2005, sótt 28. nóvember 2013, http://www.mbl.is/greinasafn/greinin/1054155/?item_num=0&searchid=cae2922c5c5b9ed8dc5135c7b98fcf3f920307b3, Greinasafn Morgunblaðsins.

„Kvartett um Vesturland“, í *Morgunblaðinu*, árg. 85, tbl. 57, 9. mars 1997, bls. 19, sótt 6. nóvember 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=129323&pageId=1874296&lang=is&q=kvartett%20Kvartett%20um, Gagnasafn Landsbókasafns Íslands.

Oddur Björnsson, „Leikhúsið og Tjarnarkvartettinn“, í *Morgunblaðinu*, 21. maí 1999, sótt 5. nóvember 2013, http://www.mbl.is/greinasafn/grein/468980/?item_num=42&searchid=3d8fe5415cdba71318bc6c9574a783654d9e0000, Greinasafn Morgunblaðsins.

Oddur Björnsson, „Tjarnarkvartettinn - Hvað er það?“, í *Morgunblaðinu*, 16. nóvember 1994, sótt 5. nóvember 2013, http://www.mbl.is/greinasafn/grein/163870/?item_num=131&searchid=3d8fe5415cdba71318bc6c9574a783654d9e0000, Greinasafn Morgunblaðsins.

Sig. Jóns. „Frábær söngur og aðlaðandi framkoma heilluðu áheyrendur“, í *Morgunblaðinu*, 7. nóvember 1995, sótt 5. nóvember 2013, http://www.mbl.is/greinasafn/grein/231614/?item_num=112&searchid=3d8fe5415cdba71318bc6c9574a783654d9e0000, Greinasafn Morgunblaðsins.

Sigurður Hreiðar, „Þeir hættu þegar hæst bar en eru ennþá vinsælastir“, í *Vikunni*, árg. 25, tbl. 44, 31. október 1963, bls. 20-75, sótt 13. október 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=298561&pageId=4444724&lang=is&q=MA%20KVARTETTINN, Gagnasafn Landsbókasafns Íslands.

Sólveig Jóhannsdóttir Morávek, Íslenska menntanetið, sótt 30. október 2013, <http://www.ismennt.is/not/gskst/soro/Solveig.htm>

Steinþór Einarsson, „Kveðja“, í *Minningargreinum Morgunblaðsins*, 31. desember 1986, sótt 5. desember 2013, <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/687/>, Greinasafn Morgunblaðsins.

„Tónlist fyrir alla: Tjarnarkvartettinn í Hafnarborg“, í *Morgunblaðinu*, árg. 86, tbl. 71, 26. mars 1998, bls. 28, sótt 6. nóvember 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=130420&pageId=1901617&lang=is&q=Tjarnarkvartettinn%20%ED%20Hafnarborg, Gagnasafn Landsbókasafns Íslands.

Tónlist.is, *Á Jólanótt - Tjarnarkvartettinn*, D3 Miðlar ehf, sótt 6. nóvember 2013, http://www.tonlist.is/Music/Album/2050/tjarnarkvartettinn/a_jolanott/

„Vel heppnað landsmót lúðrasveita“, í *Verkamanninum*, árg. 50, tbl. 19, 12. júlí 1968, bls. 6, sótt 2. janúar 2014, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=178180&pageId=2312540&lang=is&q=blanda%F0ur%20kvartett, Gagnasafn Landsbókasafns Íslands.

„Öskubuskur“, í *Jazzblaðinu*, árg. 1, tbl. 3, 1. apríl 1948, bls. 11, sótt 23. október 2013, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=332500&pageId=5221543&lang=is&q=%D6skubuskur, Gagnasafn Landsbókasafns Íslands.

Hljóðupptökur

Hjálmar Jónsson og Ingunn Bjarnadóttir, *Húmar að mitt hinsta kvöld*, 1999, sótt 6. nóvember 2013, <http://www.youtube.com/watch?v=9IPqpUR4R6g>

Trenet, Bjarki Árnason, Maxted, H. Guðmundsson, Springfield og Belafonte, *Blandaður kvartett frá Siglufirði*, Magðalena Jóhannesdóttir, Guðný Hilmarsdóttir, Guðmundur Þorláksson, Marteinn Jóhannesson og hljómsveitin Gautar, Stef, Siglufjörður, 1968.

Viðtöl

Viðtal Bjarka Sveinbjörnssonar við Sigrúnu Jónsdóttur, 16. september 2011.

Viðtal Lindu Bjargar Guðmundsdóttur við Gunnar Gunnarsson, 27. nóvember 2013. Sjá viðauka IV.

Viðtal Lindu Bjargar Guðmundsdóttur við Jónínu Ásbjarnardóttur, 15. október 2013. Sjá viðauka II.

Viðtal Lindu Bjargar Guðmundsdóttur við Marteinn Jóhannesson, 5. desember 2013. Sjá viðauka III.

Viðtal Lindu Bjargar Guðmundsdóttur við Þorgeir J. Andrésson, 9. desember 2013. Sjá viðauka V

Tölvupóstur

Tölvupóstur frá Rósu Kristínu Baldursdóttur til Lindu Bjargar Guðmundsdóttur, 24. nóvember 2013. Sjá viðauka VI.

Óútgefnar heimildir

Óútgefin heimild, „Úrklippubók Gunnars Gunnarssonar“, fengin hjá Gunnari Gunnarssyni 27. nóvember 2013.

Viðauki I

Viðtal Bjarka Sveinbjörnssonar við Sigrúnu Jónsdóttur, 16. september 2011.

B: Sigrún Jónsdóttir, hvar ert þú fædd?

S: Í Reykjavík á Hverfisgötu 76.

B: Hverjir voru foreldrar þínir?

S: Móðir mín var Ingibjörg Snorradóttir af bóndaættum úr Borgarfirði. Pabbi minn var kennari og hann var frá Flatey í Hornafirði og var kenndur við það, Jón Jónsson frá Flatey.

B: Þau bjuggu þá í Reykjavík? Og hvar kenndi hann?

S: Í Reykjavík, já. Hann var kennari í Miðbæjarbarnaskóla fyrst og flutti svo í Austurbæjarskóla þegar hann var byggður.

B: Og þú gekkst í Miðbæjarskólann?

S: Nei í Austurbæjarskóla. Hann var byggður líklegast árið sem að ég fæddist.

B: Var músík á ykkar heimili?

S: Pabba þótti voðalega gaman að syngja með messum sem voru útvarpaðar. Mamma raulaði. Hún notaði ekki beint röddina sko, hún bara raulaði. Við sungum mikið systkinin saman.

B: Hver eru systkin þín?

S: Elsta systir mín er Ása Jónsdóttir, hún dó í fyrra sumar. Næst var Hildigunnur, hún dó fyrir tveimur, þremur árum. Svo elsti bróðir minn, hann hét Halldór og hann dó í fyrra sumar líka. Hann var á Þjóðminjasafninu, hann vann þar. Svo var það Snorri, hann var læknir. Og Sigurður.

B: Þið voruð sex?

S: Já, sex systkini.

B: Voru þau í músík?

S: Snorri söng í stúdentakór og kvartett og eitthvað svoleiðis.

B: Manstu eftir einhverjum svona eftirminnilegum skólafélögum úr barnaskólanum?

S: Já, ég átti góðar vinkonur þar. Það var nú engin sem fór í neitt músíklíf eða neitt þvíumlíkt.

B: Voruð þið í söngtímum í skólanum?

S: Já, hann Jóhann sem seinna fór til Englands, faðir Þórunnar, hann kenndi okkur. Það var í kór hjá honum, barnakór.

B: Síðan kemur þetta fræga fyrirbæri sem að heitir Öskubuskur.

S: Síðan já, en í byrjun hjá mér var að ég var með í Mandólinhljómsveit Reykjavíkur sem stofnuð var.

B: Hún er stofnuð 1942-3?

S: Ég var mætt þar frá stofnun.

B: Söngstu þar?

S: Nei, ég spilaði á mandólín. Ég lærði það hjá Haraldi Guðmundssyni. Ég lærði aldrei á gítar. Ég spilaði bara vinnukonugripin.

B: Það er það fyrsta, þú ert þá ekki nema 12, 13 ára þarna?

S: Nei, en síðan fer ég í Gagnfræðiskóla Ingimars og þá myndast Öskubuskur. Þær höfðu sungið eitthvað saman, stelpurnar áður í stúku og svo var það að við ætluðum að halda skólaskemmtun bara fyrir okkar bekk. Þá kom þetta saman einhvern veginn.

B: Hvaðan kom heitið Öskubuskur?

S: Það var nú náttúrulega farið að leita eftir heiti. Ég held að það kom annað hvort frá einni af Öskubuskum, Sólveigu, eða þá frá mömmu hennar. Ég bara veit það ekki, en það var einhvern veginn þannig. Mömmu fannst að við ættum að heita Dægurflugur en það var ekki.

B: Þú varst leiðtogi í þessum hópi?

S: Já, ég hérna ef svo má segja, útsetti þetta sem við sungum.

B: Skrifaðir þú það einhvers staðar niður?

S: Nei, ég kunni ekkert að skrifa. Ég kunni náttúrulega á nótur þar sem ég spilaði á mandólín en ekkert þannig lagað.

B: Þú raddaðir þetta?

S: Já samdi hverja rödd fyrir sig.

B: Hvað voru þið margar?

S: Við vorum fimm. En það voru venjulega fjórar raddir eða þrjár eftir því hvers konar lög við vorum að syngja.

B: Þú heyrðir þetta innra með þér og söngst og kenndir stelpunum raddirnar?

S: Já, svoleiðis fór það fram, allt einfalt.

B: Þetta er 1945?

S: Já 1945, 1945-1947 vorum við.

B: Voru þið allar, allan tímann?

S: Já, við hættum það er að segja allar fimm en svo urðum við tvær eftir, eða stóðum upp aftur tvær. Svoleiðis að við fórum í ferð í kringum landið eins og hægt var á þeim tíma.

B: Já, það stendur einhvers staðar í blöðum að þið hafið haldið skemmtanir á Austurlandi til dæmis.

S: Já, já, við vorum náttúrulega beðnar um að syngja víða á Akureyri og svona.

B: Og hvernig ferðuðust þið? Með rútu?

S: Leigubíl. Við tókum leigubíl og komum út með svolítið eftir. Smá hagnað, þó það væri ekki mikið.

B: Manstu hver keyrði ykkur?

S: Hann var kallaður Bodi, hvað heitir hann, ég man ekki hvað hann heitir, hann er dáinn held ég.

B: Hvernig leist foreldrum ykkar á að þið væruð að ferðast um allt landið á leigubíl?

S: Ætli þau hafi haft nokkuð að segja í þessu. Við vorum bjartsýnar ungar 17 ára stúlkur.

B: Lögin sem þið sunguð, það er talað um það að þið hafið sungið cowboy lög og fleira.

S: Við blönduðum, við sungum svokölluð þjóðlög og því að við vorum oft á þeim stöðum sem var fullorðið fólk. Svo tókum við gamanvísur og svo var eitthvað léttara.

B: Þú ert þá að tala um íslensk þjóðlög?

S: Eða erlend.

B: Manstu eftir lögum sem þið sunguð?

S: Þú meinar það, það tók ég ekki fram. Ég á einhvers staðar bækur með skrifuðu... Ég ætla gá hvort ég finn það.

B: Þið ferðist þarna um landið.

S: Til Reyðarfjarðar, lengra var nú ekki keyrt á þeim tíma, eða ekki svo mikið lengra. Það var ekki möguleiki á þeim tíma.

B: Síðan farið þið að koma fram í revíum. Revían „Vertu bara kátur“.

S: Já, alls konar þarna hjá Haraldi Á. Sigurðsson.

B: Hvernig voru þær revíur?

S: Það voru gamanvísur og þættir og svo komum við fram og fleiri náttúrulega.

B: Já, þetta voru svona ýmis konar skemmtiatriði? Svo kom fólk og borðaði fyrst er það ekki?

S: Já, afskaplega huggulegur staður, Sjálfstæðishúsið.

B: Svo kom Bláa stjarnan. Þar komu líka fram stúlkur frá Hafnarfirði sem kölluðu sig Ránardætur.

S: Já, ætli það hafi verið seinna?

B: Það var þarna rétt um 1950. Þær jóðluðu meðal annars.

S: Já, ég kannast við nafnið.

B: Þú mannst ekkert sérstaklega eftir þessu?

S: Nei, hvort þær hafi verið með í þessu á þeim tíma eða ekki. En þá var ég eitthvað seinna ein og ekki í Öskubuskum.

B: Þegar þið voruð tvær í Öskubuskunum það varst þú og?

S: Margrét Björnsdóttir.

B: En hinar voru þá hættar.

S: Þá voru hinar hættar. Það var eiginlega K.K. og Svavar sem að endurvöktu það með okkur tveimur. Þá er þetta svona tíska, einhver bylgja með að hafa tvær að syngja.

B: Það er líka talað um það í blöðunum að þið hafið útbúið sýningu og dansað og ýmislegt svona.

S: Já, á þessu ferðalagi okkar. Þá höfðum við dansatriði og þá náttúrulega voru það bara við þannig að við þurftum að fylla inn eitthvað. Við dönsuðum jitterbug og eitthvað. Það var ofboðslega vinsælt.

B: Þetta með danssýningu og svona, var þetta eitthvað sem þið sáuð í kvikmyndum eða?

S: Já, maður hafði ekki neina fyrirmynd annars staðar. Við dönsuðum bara dansana eins og þeir voru. Við klæddum okkur út eftir því sem passaði við og við klæddum okkur líka út sko þegar við vorum Buskurnar, við höfðum alls konar búninga og eftir því sem að passaði.

B: Er eitthvað til af þessum búningum?

S: Ekki þeim. Ég geri ekki ráð fyrir því. Ég hef ekki haldið upp á neitt, það er þá bara tilviljun. Ég held að eitthvað af kjólunum sem að ég notaði séu til heima. Ég held að barnabarnið mitt hafi passað upp á það eitthvað.

B: Hver er hún með leyfi?

S: Hún býr í Danmerku. Hún Nanna Sigrún Georgsdóttir. Ef þetta er, dóttir mín sagði að hún væri með þetta, en svo flutti hún til Danmerkur, dótturdóttir mín.

B: Þið komu sem sagt fram á alls konar skemmtunum?

S: Alls konar, pólitískar og hjá pólitískum félögum.

B: Hver var svo fyrsta hljómsveitin sem þú byrjar að syngja með?

S: Það var Ólafur Gaukur sem bað mig fyrst að syngja. Það var í Mjólkurstöðinni, það var meira en tríó, í þá daga voru það sex eða sjö.

B: Var það hljómsveit Ólafs Gauks?

S: Ég er ekki viss um að hún hafi heitið það. Ég á ekkert frá þeim tíma.

B: Þetta mun vera 1947 eitthvað svoleiðis?

S: Jú, eða jafnvel fyrr. Ég held ég hafi ekki verið nema fimmtán ára þegar ég fór að syngja einsöng.

B: Það kemur eitthvað á sunnudögum sem heita eftirmiðdagstónleikar í Mjólkurstöðinni þar sem að koma fram K.K. sextettinn. Þetta er 1947. Og þá eru fimm Öskubuskur.

S: Já, það var í lokin hjá okkur fimm.

B: Hvernig varst þú ráðin til K.K.?

S: Ég man ekki alveg svona sko. Ég hef örugglega unnið með honum í Mjólkurstöðinni eitthvað. En svo náttúrulega fór hann þegar Mjólkurstöðin var lögð niður sem skemmtistaður. Maður vann með svo mörgum þá.

B: Síðan erum við hérna 1948 þá er Verslunarmannahelgi. Þar er Hawaii kvartettinn og Öskubuskur.

S: Ég man eftir því, við vorum einhvers staðar úti á landi.

B: Við vorum ekki viss á því um daginn hvort að þú hafir komið með honum Ólafi Gauki í K.K.

S: Ég þori ekkert að segja um það.

B: En hann bað þig fyrst að koma í Mjólkurstöðina?

S: Já, hann bað mig fyrst um að syngja einsömul.

B: Var það í fyrsta skipti sem þú gerir það?

S: Já, nema ég hafði stundum sóló í Öskubuskum. Það kom fyrir ef það passaði.

B: En þarna byrjar þinn ferill sem dægurlagasöngkona.

S: Já, það má segja það.

B: Við erum ennþá á miðju sumri 1947, þá er G.O. kvintettinn. Gunnar Ormslev.

Þú söngst heilmikið með honum?

S: Já, ég söng með honum líka.

B: Það er dansleikur í Mjólkurstöðinni. Gunnar er kominn þarna frá Danmerku.

En þú sem sagt varst með í G.O. kvintettinum og þar var líka Óli Gaukur. Þú virðist syngja með mörgum hljómsveitum.

S: Já, það var mjög víða. Við Buskurnar fórum til Vestmannaeyja líka. Maður sko heyrði aldrei í öðrum sem voru að syngja því að maður var svo mikið að syngja sjálfur. Hauk Morteins hitti ég því við vorum að syngja saman til dæmis í dægurlagakeppni.

B: Sumarið 1947 þá er til hljómsveit Björns R. Einarssonar.

S: Ég söng mikið með þeim líka, þeir voru með dálítið stóra hljómsveit. Já, ég var oft með honum á tímabili.

B: Það er svolítið athyglisvert 21. júní 1947 syngur þú með Birni Einarssyni og hálfum mánuði áður ertu að syngja með G.O. kvintettinum í Mjólkurstöðinni.

Þannig að þú virðist hafa farið mikið á milli. Það var ekkert þannig að þú værir orðin fastráðin?

S: Ekki á þeim tíma. Ég man á tímabili með Birni en hvar við vorum...

B: Var einhver munur á þessum hljómsveitum? Á lagavali eða?

S: Já, mikil ósköp. Stundum kom ég með lög sem að ég heyrði í útvarpinu sem ég vildi nota og önnur skipti voru það þeir sem að lögðu fram.

B: Á hvað hlustaðir þú?

S: Ég hlustaði á Kanann. Kaninn kemur svolítið seinna.

B: En þú hlustaðir þá á Ríkisútvarpið?

S: Já, það var nú eitthvað lítið.

B: Hvernig lærðir þú lögin þín? Hlustaðir þú á plötur?

S: Nei, ég átti aldrei plötuspilara. Maður hlustaði á útvarpið. Maður skrifaði upp eftir því ef lögin voru vinsæl og á þeim tíma átti maður voða auðvelt með það að læra bæði lög og texta sem að var dálítill vani.

B: Sem sagt bara eftir því sem lögin voru endurtekin þá náðir þú textanum?

S: Já, smám saman. Ein lína hér og ein lína þar. Það var lítið til af nótum, Hljóðfærahúsið var eini staðurinn. K.K. og þeir höfðu meiri sambönd og gátu útvegað sér.

B: Haustið 1947 er K.K. kominn og á þá syngur þú með honum í Mjólkurstöðinni. Manstu hvernig það kom til að þú varst með honum?

S: Það var bara hringt í mann, eða haft samband við mann. Þetta fór fram ósköp rólega.

B: Strax eftir áramótin 1948 þá er til nýja Mjólkurstöðin.

S: Já, alveg rétt. Hún hlýtur að hafa verið á svipuðum slóðum og gamla Mjólkurstöðin, fyrir ofan Hlemm. Ég held það.

B: Svo eru þið Magga að syngja dúett?

S: Það er þegar við erum tvær. Við sungum á plötu líka. Ég á ekkert af því.

B: Segðu mér, hver var svona helsti munurinn á þessum hljómsveitum? Þegar þú leggur mat á þær aftur í tímann. Þá er ég líka að hugsa um músíkina.

S: Það var meiri alvara í K.K. og meiri fastar útsetningar. Sumt gat náttúrulega verið nokkurs konar djamm.

B: Voru menn þá að spila djass?

S: Já, það var verið að gera. K.K. var öðruvísi, hann kom úr músíkskóla og leit með öðrum augum á þetta og var fastráðinn þá í Sjálfstæðishúsinu.

B: Fannst þér koma öðruvísi músík með K.K.?

S: Hann hafði sambönd og náði í öðruvísi músík. Það getur verið að þeir hafi haft meiri aðgang að plötum. Þetta var í fastari böndum. Annars var Bjarni Einarsson alveg afskaplega, það var voðalega fínt hjá honum líka.

B: Þetta voru stóru hljómsveitirnar, Björn R. og K.K. Síðan eru gerðar upptökur hjá Ríkisútvarpinu með þér og mandólín hljómsveitinni. Það er haustið 1949 þá er búið að gera einhverjar upptökur áður var það ekki?

S: Jú, en ég man ekki svo nákvæmlega en við héldum hljómleika og það voru gerðar upptökur eitthvað í því.

B: Segðu mér aðeins frá samstarfi þíns og Hauks Morteins.

S: Við sungum saman í dægurlagakeppni. Það var nú ekki mikið nema kannski á hljómleikum.

B: Síðan 1950 voru haldnir djass-hljómleikar í Austurbæjarbíói.

S: Já, það voru oft haldnir hljómleikar í Austurbæjarbíói.

B: Þar varst þú og Haukur að syngja. Manstu hvaða standarda þið voruð að syngja?

S: Nei, það man ég ekki.

B: Jan Morávek var þarna kominn með hljómsveit.

S: Já, ég vann með honum. Hann var giftur einni af Öskubuskunum, Sólveigu.

B: Var hann með öðruvísi músík?

S: Já, það var öðruvísi. Það bar svoltinn keim af Austur-Evrópu. Það var voðalega gaman að syngja með honum.

B: Var það vínarmúsík?

S: Eflaust það sem þeir voru að flytja.

[Viðtalið heldur áfram um söngferil Sigrúnar sem ekki kemur fram í ritgerðinni.]

Viðauki II

Viðtal Lindu Bjargar Guðmundsdóttur við Jónínu Ásbjarnardóttur, 15. október 2013.

L: Það væri gaman að fá að heyra hvernig þetta allt saman byrjaði með Eyrarósir og hverjar þær voru.

J: Ég punktaði aðeins hérna niður. Eyrarrósir hafa sjálfsagt sprungið út vegna tónlistaruppeldis í barnaskólanum á Flateyri. Sigríður Benediktsdóttir stjórnaði barnakór og var alltaf sungið raddað.

L: Hvað var sungið í mörgum röddum í barnakórnum?

J: Fjórar. Síðan var starfandi skátafélag, þar var mikið sungið. Þegar við fermdust þá var ég og vinkona mín Sara Vilbergsdóttir, við fengum báðar gítar í fermingargjöf. Við byrjum að syngja fermingarárið okkar, 1949, og við byrjuðum líka að syngja í kirkjukórnum. Það var sjálfsagt mál um leið og maður var búinn að fermast þá fór maður inn í kirkjukórinn. Við erum sem sagt fjórar sem byrjum. Það er ég, Jónína Ásbjarnardóttir, Sara Vilbergsdóttir, Geira Helgadóttir og Ingibjörg Margrét Kristjánsdóttir.

L: Eruð þið allar jafngamlar?

J: Geira og Ingibjörg eru fæddar 1934, við Sara erum fæddar 1935. Við byrjum sem sagt 1949. Ingibjörg syngur með okkur sennilega tvö ár því hún fer frá Flateyri í byrjun 1952. Þá kemur Guðfinnar Jóhannesdóttir inn. Við syngjum saman allavega fram á haustið 1953 þegar að við Geira fórum í skóla yfir á Ísafjörð. Þá splittast hópurinn. Eftir það sungum við heldur óreglulega.

L: Hvert fóru Sara og Ingibjörg?

J: Ingibjörg fór til Reykjavíkur og giftist síðan í Albuquerque í Nýju Mexíkó. Guðfinna giftist manni frá Flateyri og þau fóru á Akureyri og síðar til Reykjavíkur. En við vorum þrjár lengst af á Flateyri. Þegar að Flateyri átti 70 ára afmæli þá vorum við svo heppnar að hittast fjórar, ég og Sara og Geira og Ingibjörg hún kom þá frá Nýju Mexíkó til að vera með á afmælinu. Þá sungum við með Villa Valla sem var bróðir Söru eitt lag sem er við textann „Stafróf ástarinnar“. Við vorum mikið að syngja dægurlög bæði íslensk og erlend. Við héldum rosalega mikið upp á Sigfús

Halldórsson. Þá var hann alveg á toppnum og það var verið að syngja öll fallegustu lögin hans.

L: Hvernig var þetta með raddsetningar? Hvernig skiptuð þið ykkur niður?

J: Það voru yfirleitt tvær í sópran og svo tvær í millirödd og undirrödd. Sara gat búið til hvaða rödd sem var, hún var svo músíkölsk.

L: Útsettuð þið þetta á staðnum?

J: Við bara gerðum þetta sjálfar í huganum. Við vorum aldrei með neinar nótur og ekki neitt, allt eftir eyranu. Yfirleitt kunní ég allar milliraddir í öllum lögum þó ég syngi kannski sópran eða milliröddina bara eftir því sem við átti. Geira söng alltaf milliröddina.

L: Voru þið ekki búnar að ákveða hver ætti að syngja hvaða rödd?

J: Við gerðum þetta alltaf á staðnum. Við æfðum mikið og það voru nú að minnsta kosti þrjú virk starfandi félög í þorpínu. Það var kvenfélagið, íþróttafélag og slysavarnarfélag. Fyrir utan það voru bæði verkalýðsfélög og skátar þannig að það var mikið félagslíf, gríðarlega mikið félagslíf. Það voru margar skemmtanir haldnar, mjög margar og það voru yfirleitt fullt af fólki sem gat eitthvað gert. Það var til leikfélag Flateyrar líka og það voru sett upp leikrit eiginlega á hverjum vetri. Allavega leikrit, bæði söngleikir og annað.

L: Hvenær komu Eyrarrósirnar fyrst fram formlega?

J: Ég man það nú ekki en það var á vegum íþróttafélagsins. Við saumuðum okkur svartar stuttar satínboxur með uppabroti, svo vorum við í hvítum skyrtum með barðastóra hatta.

L: Af hverju var það?

J: Ætli við höfum ekki bara sótt voðalega mikið í hernámsárin? Mögulega frá Bandaríkjunum, við sungum fullt af amerískum lögum með enskum textum þó við kynnum ekkert í ensku almennilega.

L: Var þetta einhvers konar tískubylgja?

J: Já, sennilega. Öskubuskurnar voru náttúrulega fyrirmynd auðvitað. Þær voru upp á sitt besta á þessum tíma.

L: Voru þær mikið spilaðar í útvarpinu?

J: Já. Það var líka Haukur Morteins og Ragnar Bjarnason og Alfreð Clausen og fullt af listamönnum sem voru að syngja. Við sungum til dæmis tvö mjög falleg lög eftir Steingrím Sigfússon á Patreksfirði.

L: Hvaða lög voru það?

J: Annað heitir „Haustkvöld í skógi“ og hitt byrjar svona; „Hlustaðu vinur á vorboðans óminn“.

L: Sömduð þið einhver lög sjálfar?

J: Nei, en Sara gat hæglega ort. Hún gerði það ekki mikið þegar við vorum að syngja með henni en hún gerði það seinna. En þegar við sungum þarna á afmæli Flateyrar þá var Villi Valli með hljómsveitina sína og var að spila með okkur. Ofboðslega skemmtileg upplifun fyrir gömlu konurnar. Þá var skemmtunin upp í skóla. Kirkjukórinn söng, afi þinn var að syngja einsöng og við bara sungum þetta eina lag. Við vorum ekki með neitt æft því Inga kom bara eins og gestur sko. Sara var þá flutt að heiman og kom líka eins og gestur.

L: Á hvaða stöðum voru þið að koma fram?

J: Það var yfirleitt í samkomuhúsinu, það voru allar skemmtanir þar.

L: Og voru þið vinsælar?

J: Já það voru meira að segja mikið af togaraböllum svokölluðu. Það var þegar veðrið var vont og togararnir lágu inn á Önundarfirði og jafnvel upp við bryggju. Þá var yfirleitt alltaf slegið upp balli að minnsta kosti og stundum skemmtunum.

L: Sungu þið þá heilt prógram?

J: Nei við sungum yfirleitt bara þegar það var skemmtun, ekki á böllum þannig lagað. En Sara spilaði alveg jafnt á píanó og gítar.

L: En þú spilar líka á gítar?

J: Já ég spila á gítar.

L: Spiluðu þið Sara alltaf saman á gítar?

J: Já.

L: Voru fleiri kvartettar á Flateyri?

J: Ég man vel eftir því að það eru ungar fallegar konur heima og tvær þeirra voru með svo mikið og fallegt sítt hár, ég man sérstaklega eftir því. Ég hringdi í aðra þeirra og hún sagði mér að þetta hafði verið 1943 sem að þær sungu saman. Þær hétu svo sem ekkert neinu sérstöku nafni en ég talaði við Steinunni Jónsdóttur og hún sagði mér að

þær hefðu verið með henni; Hrefna Kristjana Maríasdóttir, Erla Ásgeirsdóttir og Sigríður Jónsdóttir og hún var fóstursystir Ingibjargar sem var með okkur. Hún var eldri og hún hafði einmitt fengið gítar í fermingargjöf og þess vegna byrjuðu þær að syngja saman. Þær sungu saman í nokkur ár og það urðu umskipti þar í hópnum eins og gengur. Það komu inn fleiri konur eða stúlkur. Svo aftur á móti er karlakvartett, virkur karlakvartett heima 1949, líka á sama ári og við erum að byrja. Ef að við Emil Hjartarson munum rétt að þá var þar Greipur Guðbjartsson, Hjálmar Kristjánsson, Sigurður og Jón F. R. Hjartar sem að sungu þennan kvartett. Þeir voru mikið að syngja glúntana sem var mikið í tísku, sænskir glúntar sem voru stúdentasöngvar ásamt fleiri söngvum. Þeir komu fram á skemmtunum líka.

L: Sungu Eyrarrósir aldrei með karlakvartettum?

J: Nei

L: Hvaðan kom nafnið Eyrarrósir? Hver stakk upp á því?

J: Við bjuggum á eyrinni og við vorum bara ungar blómarósir.

L: Var þetta sameiginleg ákvörðun?

J: Já, eitthvað urðum við að heita. Það var ansi mikið sönglíf. Kirkjukórinn kom alltaf fram á gamlárskvöld og það var alltaf sunginn sálmur og svo var haldin ræða og síðan voru gamanvísur sungnar. Þetta voru náttúrulega höfðingjar þarna í byggðinni þegar ég er barn að alast upp, Sveinn Gunnlaugsson, skólastjóri og Hjörtur Hjálmarsson, tengdasonur hans. Báðir gátu þeir ort og sérstaklega Hjörtur öll gamanmál sem hann söng líka. Það voru margir sem spiluðu á harmónikku.

L: Varðandi tónlistarnám. Gátu þið lesið nótur?

J: Nei, við fórum bara á æfingar í kirkjunni til þess að læra raddirnar okkar og þannig var þetta líka innan barnaskólans, hún æfði bara hverja rödd fyrir sig og svo var bara samæft. Við lásum engar nótur.

L: En hvernig var þetta þá með gítarundirleikinn?

J: Við lærðum bara vinnukonugripin. Ég veit ekki af hverjum við höfum lært, við vissum bara að þessi grip væru til og lærðum þau. Þrír bræður Söru, Guðmundur heitinn Vilbergsson sem var trompetleikari og lék hér með gamla K.K. sextettinum, ekki þeim K.K. sem við þekkjum í dag. Villi Valli, rakari á Ísafirði sem að var nú með hljómsveit þar í áratugi. Svo var það Aðalsteinn sem bjó alltaf á Flateyri þar til hann flutti fullorðinn maður í burtu. Hann spilaði á harmónikku og spilaði á böllum. Hún

átti þessa þrjá bræður. Pabbi hennar Söru smíðaði fyrsta gítarinn sem hún fékk. Þá hefur hún verið kannski tíu ára og það slitnuðu oft strengirnir í honum og það var nú oft sem við vorum að syngja og það voru bara tveir eða þrír strengir. Pabbi hennar var vélsmiður og hann var hagur á allt.

L: Hvernig hljómaði gítarinn?

J: Gítarinn hljómaði ágætlega en hann var þungur. En svo fékk hún gítar eins og ég, nákvæmlega samskonar gítar í fermingargjöf.

L: Voru hljóðfæri aðgengileg á þessum tíma?

J: Ekki nema bara að fá þau frá Reykjavík. Það voru frekar til orgel á heimilum heldur en píanó. Það var orgel á heimili ömmu. Það voru ekki víða píanó.

L: Var það algengt að fá gítar í fermingargjöf?

J: Já þegar við fermdust þá voru það brjóstnælur og gítarar.

L: Áttu þér einhver uppáhaldslög sem þið voruð að syngja saman?

J: Já „Stafróf ástarinnar“ var voðalega vinsælt. Svo sungu við mikið löginn hans Fúsa. „Er birtist mér í draumi sem dýrlegt ævintýr...“. „Litla flugan“ var líka mikið sungin. Það voru mörg falleg lög sungin.

L: Voru þið að hlusta mikið á aðra kvartetta, eins og þú nefndir Öskubuskur?

J: Já, það var mikið hlustað á útvarp. Það var alltaf útvarpað öllum messum úr kirkjunum í Reykjavík og það var alltaf hlustað á útvarp á öllum heimilum. Það var hlustað á allar messur. Nafnið hans afa þíns var tekið úr fermingarmessu úr dómkirkjunni í Reykjavík.

L: Já hann hafði sagt mér frá því.

J: Eyrarrósir voru starfandi í kvenfélaginu, ekki Sara en Sara spilaði alltaf við öll tilefni og ég man aldrei eftir því að henni hafi verið borgað fyrir.

L: Fengu þið aldrei greitt fyrir þegar þið komu fram?

J: Nei, það var ekki til síðs. Það var selt inn og sá ágóði fór beint til félaganna.

L: Þannig þið sunguð til fjáröflunar?

J: Já, því það þurfti hver að vera trúr sinni heimabyggð. Kvenfélögin sáu um allt gagnvart börnunum sem fæddust heima á sjúkraskýlinu. Vögguna og allan búnað og höfðu peninga til að kaupa tæki á lækningastofuna. Kirkjan var styrkt, það voru keyptir fermingarkirtlar. Seinna þá var farið að styrkja börn sem höfðu skilað góðum

árangri í skóla. Það hefur alltaf verið eitthvað slíkt. Það var byggður barnaleikvöllur, við áttum ekki neitt.

L: Var söngurinn hjá ykkur einhvern tímann tekinn upp?

J: Já ég veit að það eru til einhver bönd sem að pabbi tók upp sem eru þá í förum pabba þíns. Það var tekið upp á gamalt segulbandstæki.

L: Heldur þú að pabbi sé ennþá með þetta?

J: Já.

L: Bjarki í Tónlistarsafninu í Kópavogi var akkúrat að segja mér að hann væri að færa svona gamlar spólur á stafrænt form. Ef ég gæti fengið pabba til þess að senda mér spólurnar þá gæti ég fengið Bjarka til þess að gera það fyrir mig. Það yrði æðislegt. Ég ætla að hringja í pabba á eftir.

J: Já. En svo var til grammófónn heima, plötuspilari. Pabbi átti þessar gömlu lakkplötur. Mamma söng alltaf í kirkjukórnum, bróðir hennar mömmu, systir hennar mömmu og mágkona hennar. Ég og Geira, það var stór hluti af fjölskyldunni í kirkjukórnum.

L: Já þetta virðist vera svolítið fjölskyldu dæmi að taka þátt í kirkjukórum á Vestfjörðum sérstaklega. Þetta virðist vera svo algengt.

J: Það komu sko leiðbeinendur, ég var reyndar ekki komin í kórinn þá þegar kom tónlistarmaður sem hét Sigurður Birkis, sem var mjög mikið metinn. Síðar kom Eypór Stefánsson, tónskáld. Það voru alltaf einhverjir að koma til að leiðbeina frá þjóðkirkjunni.

L: Var engin önnur tónlistarkennsla í gangi á Flateyri á þessum tíma? Var það bara barnakórinn?

J: Ekki nema bara þessar konur sem höfðu lært í tónlistarskólanum, eins og Sigríður Benediksdóttir og svo Ragna dóttir hennar sem fór í skóla og María Jóhannsdóttir, símstöðvastjóri. Þær voru allar tónlistarmenntaðar og þær voru að taka nema og kenna eitthvað smá. Maður einhvern veginn hataðist bara við þessar nótur manni fannst þetta hundleiðinlegt sko, maður komst ekkert inn í þetta dæmi. Við vorum ekki það mikið, bara þetta var allt léttmeti.

L: Það er stundum bara miklu skemmtilegra að láta þetta bara koma á staðnum heldur en að vera að pæla of mikið í þessu. Bara einfaldlega að láta þetta koma út frá hjartanu.

J: Já það er best þannig, það er bara langbest.

[Björgvin Þórðarson kemur inn og tekur þátt í samræðum um lífið á Flateyri]

B: Já það eru rúmlega þrjúhundruð til fjögurhundruð manns á Flateyri á þessum tíma.

J: Það var alltaf skemmtun í skólanum eins og hjá ykkur á vorin. [Jónína talar hér um sílaball sem haldið er á hverju vori á Flateyri.] Það voru færð upp allavega leikrit og voða mikið færðar upp skrautsýningar.

B: Svo var jafnvel bara kennararnir heima á Flateyri þeir sömdu bara fyrir krakkana.

L: Já en þið segið þrjú til fjögurhundruð manns. Hversu margar verslanir voru á þessum tíma?

J: Það var kaupfélagið, bókabúðin, handavinnubúð Kristínar Ebenezerdóttur, handavinnuverslun Önnu Eyjólfsdóttur og pöntunarfélag.

[Viðtalið hélt áfram um lífið á Flateyri sem ekki er notað í ritgerðinni.]

Viðauki III

Viðtal Lindu Bjargar Guðmundsdóttur við Marteinn Jóhannesson, 5. desember 2013.

L: Ég er hérna með upplýsingar um blandaðan kvartett sem starfaði innan Karlakórsins Vísis. Hvenær byrjar þú að syngja í karlakórnum?

M: Ég byrja einhvern tímann í kringum 1960. Ég er fæddur 1944. 1963 er ég byrjaður að syngja. Hérna er ég 19 ára. [Marteinn bendir á mynd af sér á plötunni sem kvartettinn gaf út.]

L: Þið hafið sem sagt gefið út plötu. Ég fann engar upplýsingar um það.

M: Já við gáfum út þessa plötu og svo sungum við á eina stóra plötu hjá Vísí. En þetta er svolítið erfið eða leiðinleg upptaka af þessu. Þetta var tekið upp í útvarpinu. Þetta er Guðmundur sem syngur hérna „Lindin tær“. [Marteinn bendir á plötuumslagið.]

L: Það var svolítið erfitt fyrir mig að finna eitthvað um ykkur því þessi kvartett heitir ekki neitt. Hann heitir bara blandaður kvartett. En þið voruð þá báðir í kórnum?

M: Við vorum báðir í kórnum. Þetta hérna er Magðalena, sem syngur sópranin, og þetta er Guðný og þau eru systkinabörn, Guðný og Guðmundur. Guðný söng alt og ég tók bassann.

L: Það er frekar merkilegt að þetta hafi verið karlakór og svo koma hérna tvær konur. Hvernig verður það til?

M: Það verður til þannig að við förum að syngja svona The Seekers lög. Það er ástralskur kvartett sem að söng til dæmis „Kveiktu ljós“. Það syngjum við fyrst með karlakórnum og upp úr því þá förum við að syngja svona á skemmtunum og allavegana, á sjómannadaginn og svona. Upp úr því kemur þetta. Það er Geirharður sem að setur út öll lögin og Bjarki og Hafliði sem að gera textana. Hafliði gerði textann við „Kveiktu ljós“.

L: Það var víst voða vinsælt var það ekki?

M: Jú það var mjög vinsælt.

L: Ég var nefnilega að lesa á tímarit.is og fann að kórinn fór í söngferð til Danmerkur 1966. Fór hópurinn ykkar með?

M: Jú, okkar hópur var með.

L: Ferðuðust þið meira?

M: Nei við fórum sko á Henning á Jótlandi er vinabær Siglufjarðar. Við fórum þangað og vorum þar og sungum þar í kring. Bæði þar og svo var þetta skemmtiferð líka. Við sungum held ég ekki í Kaupmannahöfn.

L: Voru aðrir kórar að syngja líka?

M: Nei, bara Karlakórinn Vísir. Henning vinabærinn bauð okkur upphald og ýmislegt í sambandi við það vinarbæjarmót.

L: Ég er bara að spá hvort þið hafið nokkuð hitt aðra kvartetta úti?

M: Nei.

L: Var þessi kvartett undir áhrifum annars kvartetts?

M: Ekki frá öðrum kvartettum hér sko, en þetta byrjar allt með The Seekers laginu „Kveiktu ljós“. Þá eru þarna kvenraddir inn í. Geirharður útsetti það og líka fleiri lög sem ekki rötuðu inn á þetta.

L: Var einhvers konar stjórnandi í þessum hóp?

M: Nei, Geirharður stjórnaði þessu eiginlega alveg. Guðmundur náttúrulega var reyndasti tónlistarmaðurinn þarna, búinn að spila alveg frá barnæsku.

L: Á hvað var hann að spila?

M: Hann spilaði til dæmis á saxófón og harmónikku og melódikku. Upphaflega eru þeir saman hann og Þórhallur bróðir hans sem er á myndinni hérna, þetta er Þórhallur. Guðmundur er með saxófóninn hérna en Þórhallur spilaði á hljómborð. Þannig byrja þeir að spila fyrir dansmúsík og Bjarki Árnason með þeim sem bjó til textana. Hann spilaði á harmónikku líka. Það var alltaf auglýst Gautlandsbræður og Bjarki. En Guðmundur var sá sem var reyndastur. Sjálfmenntaður.

L: Já það virðist hafa verið mjög algengt að fólk hafi verið sjálfmenntað á þessum tíma varðandi tónlistarnám.

M: Þeir voru það bræðurnir báðir. Ég efast um að þeir hafi lesið nótur.

L: Las einhver í ykkar hóp nótur?

M: Já ég les nótur. Guðný gerði það líka, eitthvað. Náttúrulega þegar að menn fara að syngja svona mikið og eru með nótur fyrir framan sig og þekkja formerkin þá fara þeir að lesa, það er bara þannig þó þeir viti ekkert hvað nótan heiti.

L: Voru fleiri í hópnum sem höfðu einhverja tónlistarmenntun eða þannig?

M: Nei ekki nema bara lítilfjörlegt í gegnum Tónlistarskólann á Siglufirði. Svo fór ég bara að læra að syngja mikið seinna.

L: Já, en lagavalið sem þið takið fyrir.

M: Það er eiginlega Geirharður sem að kemur með þau og kannski Guðmundur líka.

L: Er alveg undirspil líka? Sungið þið einhvern tímann án undirleiks?

M: Já, það er undirspil á plötunni. En já við gerðum það nú en ekki á þessari plötu. Við gerðum það frekar á skemmtunum. [Sungu a capella á skemmtunum.]

L: Á hvaða skemmtunum voru þið að syngja?

M: Það var þá kannski á árshátíð Lions eða Rótary, eitthvað svona. Á sjómannadaginn sungum við tvisvar eða þrisvar og sungum í Vestmannaeyjum og eins í Atlavík og eitthvað svona. Aðallega á skemmtunum á Siglufirði og svo líka með Vísi ef að hann fór.

L: Héldu þið einhvern tímann tónleika, þið fjögur?

M: Nei, við gerðum það ekki.

L: Hvar tókuð þið upp plötuna?

M: Þetta er tekið upp í gegnum Fálkann, tekin upp í útvarpinu og gefin út í gegnum Fálkann. Ég held að það sé í gegnum EMI í Bretlandi. EMI records. Það getur vel verið að það sé hægt að spila þetta.

L: Voru þið með frumsamin lög?

M: Nei, ég man ekki eftir því. En við vorum með lög eftir Oddgeir Kristjánsson svona allavega sem við áttum að syngja í eyjum. Nei það var ekki frumsamið af okkar hálfu og ekki Geirharði heldur. Hann var mjög fljótur og klár útsetjari. En ég er yngstur þarna af hópnum. Magðalena passaði mig þegar ég var yngri.

L: Hvar eru allir núna?

M: Guðmundur er dáinn og Guðný er dáin. Magðalega býr á Selfossi og ég er hér.

L: Þú varst yngstur?

M: Já það eru fimmtíu ár síðan þetta var. Ég er 69 ára.

L: Já þú varst svona ungur þegar þú byrjar að syngja.

M: Já ég byrjaði mjög ungur að syngja, ég byrjaði að syngja 16 ára gamall. Þá bassa í kirkjukórnum á Siglufirði.

L: Svo ferðu í Karlakórinn Vísi og hvað ertu þar lengi?

M: Ég flyt hérna suður 1974. Ég er eiginlega allan tímann á meðan Geirharður er þarna á Siglufirði eða meðan kórinn er þarna eitthvað. Stundum fékk ég nóturnar sendar suður og lærði hérna fyrir sunnan og söng svo með þeim þegar kórinn kom suður. Jónatan Ólafsson og fleiri voru hérna að kenna mér og fara í gegnum þetta. Þetta kom fyrir að minnsta kosti einu sinni eða tvisvar.

L: Ertu eitthvað í syngja í kór núna?

M: Já, ég syng alltaf í Fóstbræðrum. Ég var í Óperukórnum í átta ár og er svo búinn að vera í fimmtán ár í Fóstbræðrum. Ég var í öllum uppfærslum í Óperukórnum í átta ár. Svo fannst mér svo mikið að gera að ég hélt að það yrði minna þegar ég fór í Fóstbræður. En það var ekkert minna, þá komu allar jarðarfarirnar.

L: Voru fleiri kvartettar starfandi á Siglufirði?

M: Það var skal ég segja þér búinn til kvartett fyrir hverja skemmtun. Það var Iðnaðarmannafélagið, það var Lion, það var Rótarý, það var Siglufirðingafélagið, það var kvenfélagið og það var bara hóað í mannskap og bara búinn til kvartett. Þetta var rosaleg kvartettamening. Bæði einfaldir og tvöfaldir.

L: Já, ég áttaði mig ekki á því hvað þetta væri mikið.

M: Sérstaklega á Siglufirði sem var nú svona frekar einangraður stórann hluta af árinu þá var svo mikið félagslíf. Miklu meira félagslíf heldur er þar í dag.

L: Það er svo sorglegt að félagslífið í svona smábæjum detti niður. Ég tók viðtal við ömmu mína og hún hafði svipaða sögu að segja um Flateyri.

M: Já, menn bjuggu bara sér til skemmtanir. Það var Iðnaðarmannafélagið og allavegana þetta var allt svona. Þá eins og ég segi þá var bara kippt út eða kallað á einhverja. Jónmundur sem er hérna á trommunum, hann var mikið í kvartettum. Jónmundur Hilmarsson. Þetta var rosalega skemmtilegur tími.

L: Gekk samstarfið alltaf vel?

M: Já, já, það gekk alltaf vel. En eins og ég segi þegar það var haldið Iðnaðarmannaball þá var frekar kallað á Iðnaðarmenn í kvartettinn og eitthvað svona. Það var Sigurður Gunnlaugsson hann var dálítið að aðstoða við þetta. Það var minna um kvartetta eða svona grúppur í Vísi heldur en til dæmis í Fóstbræðrum, það var mjög mikið þar.

L: Var þetta mögulega eini kvartettinn?

M: Eini blandaði kvartettinn sem ég man eftir.

L: Voru þá fleiri karlakvartettar?

M: Já, ekki innan kórsins heldur kórfélagar sem stofnuðu kvartett utan kórsins. En í Fóstbræðrum núna er miklu meira af þessu.

L: Já, það er athyglisvert að fólk búi sér bara til skemmtanir, út af þessari einangrun.

M: Já, leikfélagið til dæmis. Mjög mikið leikið.

L: Það er rosalega sterkt svona út á landi að fólk verði að hafa eitthvað fyrir stafni.

M: Það var ekki hægt að kaupa neitt að eða neitt svoleiðis það varð bara að búa það til, öðruvísi var ekki hægt að gera þetta.

L: Komu einhverjir kvartettar eða hópar utan að að flytja á Siglufirði?

M: Ég man nú ekki eftir því mikið, það getur eitthvað verið. En það var ekki mikið um það. Yfir sumartímamann datt þetta bara alveg niður, þetta var bara yfir veturinn. Það voru allir á kafi í vinnu. M.A. kvartettinn gæti hafa einhvern tímann komið án þess að ég viti það sko. En þeir voru náttúrulega langþekktastir fyrir norðan. Svo var sko, þar sem ég er alinn upp, í Þingeyjarsýslu, þar voru kvartettar. Afí minn stjórnaði mörgum kvartettum. Þar voru margir mjög góðir söngmenn.

L: Var mikið um söng í þinni fjölskyldu?

M: Já, systir mín sem er nú látin, söng mikið líka og ég. Hjálmar bróðir minn er nú í Karlakórnum á Siglufirði sem má ekki heita Vísir.

L: Af hverju er það?

M: Vegna þess að Vísir er fyrirtæki, þinglýst nafn, og þeir mega ekki fara inn á það. Þannig að nú heitir þetta Karlakór Siglufjarðar. Hann hefur sungið þar alltaf. Já, það hefur alltaf verið mikið. Mamma spilaði mikið, hún spilaði á orgel.

L: Áttu þið orgel heima hjá ykkur?

M: Nei, píanó. Þetta er líka í ætt konunnar minnar.

[Viðtalið endar á almennu spjalli sem ekki er tekið fyrir í ritgerðinni.]

Viðauki IV

Viðtal Lindu Bjargar Guðmundsdóttur við Gunnar Gunnarsson, 27. nóvember 2013.

L: Ég leitaði mér upplýsinga af Lítið eitt og fann voða lítið, það er svolítið erfitt að leita að þessu í gagnasöfnum. Ég fann samt á tímarit.is að árið 1975 í Morgunblaðinu eru þið í upptökum og að þið hafið ekki tekið lagið í tvö ár og þið eru með frumsamin lög á plötunni. Svo fann ég að þið spiluðuð á þjóðlagahátíð Vikivaka. Það var svona aðallega það sem ég fann en ég vil endilega bara fá þig til þess að segja mér frá.

G: Já, þetta er auðvitað löng saga. Sko ég er með hérna möppu sem ég klippti eitthvað saman. Svo eru einhverjar úrklippur sem ég átti eftir að líma inn. En sjáðu, við förum hérna yfir söguna. Þetta byrjar 1969. Þá erum við í Flensborg í gagnfræðiskólanum, við Steinþór Einarsson og Hreiðar er einu ári eldri en við. Hann var þá sennilega nýbúinn með Flensborg. Þá var svona árshátíð í Flensborg og skólinn var allur skreyttur og búin til svona baðstofa og ég veit ekki hvað og hvað. Við vorum farnir aðeins að syngja saman og við komum fram í þessari baðstofu í Flensborg og sungum einhver lög og héldum uppi smá fjöldasöng. Ég man eftir því að Hljómar voru að spila á árshátíðinni, við vorum á sama tíma uppi. Krökkunum fannst svo gaman að syngja að það þurfti að biðja okkur að hætta að spila svo að fólkið færi að dansa. Við vorum farnir að skemmta á einhverjum þorablótum. Við gefum út þessa litlu plötu þegar við erum bara þrír.

L: Þetta er þessi fjögurra laga plata sem að ég las um. Fann eitthvað smá um hana.

G: Eitt lag af þessari plötu var stundum spilað í útvarpinu. Lag eftir Theodorakis, „Syngdu með“.

L: Var eitthvað frumsamið af þessu?

G: Já, ég samdi eitt lag hérna, „Við gluggann“. Þessi plata er örugglega gefin út um svona 1970-71. Sko það er náttúrulega spurning, hvort ég gæti treyst þér til þess að fá þetta lánað? [Gunnar á hér við úrklippubókina sína.]

L: Já, það væri alveg frábært!

G: Þessi litla plata. Þetta er eitthvað í kringum 1971.

L: Hver svona, byrjar á þessu?

G: Við Steinhórn vorum bekkjabræður frá því að við vorum sex eða sjö ára. Svo var ég mikið í skátunum og Hreiðar hann var líka í skátunum. Við vorum báðir með gítara og vorum alltaf að spila og svona.

L: Voru þið báðir lærðir á gítar?

G: Já svona, ég lærði dálítið á gítar. Ekki í tónlistarskóla en bara privat kennslu. Við fikruðum okkur áfram.

L: Er ég að sjá það rétt hérna á myndunum að annar ykkar sé örvhentur?

G: Já, ég er örvhentur. Sem var dálítið flott, svona eins og Paul McCartney. Okkur þótti við vera flottir. Við gefum upp plötuna og allt í lagi með það. 1972 erum við ennþá að. Þá eiginlega, seint á árinu 1972, þá brjótum við þetta alveg upp. Þá hættir Hreiðar, ekkert í leiðindum heldur fannst honum bara kominn tími á þetta. Við Steinhórn vildum halda áfram og vildum hugsa dæmið upp aftur og þá fórum við á þjóðlagakvöld. Þá er þar strákur að spila á gítar sem okkur fannst svakalega flinkur, Jón Árni Þórisson. Við vorum bara þá að leita að einhverjum til að koma í áframhaldandi starf með okkur og hann var til í að koma í bandið. Svo vildum við hafa söngkonu. Þá fórum við í Öldutúnsskólakórinn. Þar voru elstu stelpurnar í Öldutúnsskólakórnum, sextán ára eða eitthvað svoliðis, og þar var Berglind.

L: Hvað voru þið gamlir?

G: Við vorum töluvert eldri en hún. 1973 þá er ég eiginlega að útskrifast úr kennaraskólanum. Við sem sagt setjum saman þennan fjögurra manna hóp og æfðum mjög markvisst og skipulega og duttum svo í það að stjórna kvöldstundarþætti í sjónvarpinu. Alltaf á hálfsmánaða fresti vorum við með sjónvarpsþátt. Vigdís Finnbogadóttir var einu sinni gestur hjá okkur og þessir þættir eru nefnilega allir til því að þeir byggðust á því að við vorum að finna fólk víðsvegar á landinu sem að var að gera einhverja sérstaka hluti. Þetta var alltaf á laugardögum.

L: Hvað hétu þættirnir?

G: Kvöldstund. Þetta var þá þannig að við spiluðum alltaf eitt eða tvö lög í hverjum þætti og svo vorum við bara að kynna hin og þessi atriði. Þetta gerði það að verkum, það að vera alltaf í sjónvarpinu á hálfsmánaða fresti, að við urðum svona smá númer. Út frá því þá fórum við út til London og gerðum þessa plötu hérna. [Gunnar dregur upp plötuumslag.] Það er sennilega 1974, nei hérna 1973 í ágúst. Þetta var frekar

einfalt, við vorum búin að vera að vinna svo mikið í sjónvarpinu og allt þetta var eiginlega alveg klárt þannig að við tókum plötuna upp á einhverjum fjórum dögum í einhverju stúdíói í London.

L: Manstu hvað það hét?

G: Gooseberry studio. Hann hérna Jónas R. Jónsson hann stjórnaði þessu. Náttúrulega þegar við vorum í þessum kvöldstundarþáttum þá var það Egill Eðvarðsson sem er ennþá svo mikill stjórnandi hjá sjónvarpinu. Hann stjórnaði þessum kvöldstundarþáttum og hann líka hannaði fyrir okkur plötuumslagið. Þannig að...

L: Voru þá þarna fleiri frumsamin lög eða hvaða lög voru þið að taka fyrir?

G: Ég samdi nokkur lög. Jón Árni samdi líka lög. Ég samdi þrjú ef ekki fjögur lög á þessari plötu og ef ekki eitthvað svipað á þessari. Upphaflega, allavega ég, ég var sko brennimerktur af Savanna tríóinu. Ég hlustaði svakalega mikið á Savanna tríóið, það var eitthvað sem ég vildi líkja eftir. Við vorum að reyna að vera svolítið í þeirri línu. Svo hlustuðum við mikið á Peter Paul and Mary. Við vorum alltaf með íslenska texta, sungum allt á íslensku.

L: Hvernig var þessu háttað? Voru þið öll að syngja? Hver var að spila á hvað og svona?

G: Steinþór spilaði á kontrabassa og við Jón Árni spiluðum á gítar, ég var þá farinn að læra á flautuna en ég greip stundum í flautuna. Svo var Berglind mikið í söngnum, hún hafði alveg ótrúlega fallega rödd.

L: Ég fann á youtube, „Hin vinnandi stétt“, sem var alveg a capella. Tókuð þið mörg þannig lög?

G: Nei, ég held að þetta hafi bara verið eina lagið sem við tókum án þess að nota hljóðfæri. En sko allt raddað.

L: Hver söng hvað? Var einhver sérstök raddskipan?

G: Menn bara bjuggu til raddir og létu þetta hljóma fallega. Við skrifuðum það ekkert út.

L: En lögin sem þú semur, er það skrifað út?

G: Nei, ég bara skrifaði upp hljómana og kenndi svo bara mönnum röddina og hvernig ég vildi hafa þetta. Svo unnum við þetta mjög mikið saman. Bættum í og eitthvað millispil og milliraddir og tókum yfir einhverjar línur. Við fengum til dæmis með okkur, þegar við vorum í Englandi, þá fengum við rosalega flottan enskan

fiðluleikara sem spilaði einhverjar raddir þarna inn á. Fiðla, óbó og selló. Það var útsett hérna. Svo líða nokkur ár og þetta var svolítið mikið að lognast út af hjá okkur. Okkur fannst við eiga eitthvað efni svo að við gerðum þessa plötu 1975.

L: Þá kemur það fram í Morgunblaðinu að þið hafið ekki tekið lögin í 2 ár.

G: Já, við fórum bara í stúdíóið. Okkur fannst við hafa eitthvað efni sem við vildum gera. En ég veit það ekki. Æi, jú, jú.

L: Hver vildi taka upp plötuna?

G: Nei, við vorum svona sammála um það að við ættum einhver lög sem við vildum klára og gerðum það bara. En við unnum þetta dálítið professionalt. Við komum ekki bara saman og fórum að gera eitthvað það var bara æfing. Það var búið að ákveða einhver lög, það var alltaf kominn texti. Við vorum aldrei á æfingum að hanga, það var bara unnið.

L: Og það eru allir með einhverja tónlistarmenntun að baki þarna?

G: Nei, nei. Berglind fór í söngnám, óperusöngnám. Jón Árne var bara næstum því sjálfmenntaður. Steinþór líka. Ég var bara í svona tónlistarnámi og var þá bara kominn í flautunám í tónlistarskólanum í Reykjavík.

L: Voru það fleiri sem héldu áfram í tónlist eftir að þið hættu?

G: Nei, ég er áfram í tónlistinni, bara klassískri. Jón Árne er alltaf að spila á gítarinn ennþá, hann heldur því mjög vel við. En Steinþór, held ég, er ekkert að spila. Berglind hún dó.

L: Hvenær var það?

G: Ég er ekki alveg með árið á hreinu. Ég er í framhaldsnámi úti 1983-87. Þetta er trúlega 1984-85. Það hlýtur að vera hægt að slá því upp.

L: Ég leita að því. En þá þið eruð sem sagt alveg hætt þarna?

G: Já. Oft verið talað um það hvort við ætlum ekki að fara að hittast og gera eitthvað. Ég hef alltaf sagt að Lítið eitt er ekki Lítið eitt lengur. Berglind var svo stór partur í þessu dæmi. Það er eitt lag hérna á fyrri plötunni sem að ég samdi sem að hefur dálítið verið spilað. Hann Ingimar Eydal hringdi einhvern tímann í mig og spurði mig hvort hann mætti ekki útsetja þetta fyrir kórinn sinn á Akureyri, barnakórinn. Það eru hérna „Heilræðavísurnar“ hérna, „ungum er það allra best“. Við ætluðum alltaf að fá þá í Ríkissjónvarpinu til þess að klippa það sem við vorum að syngja í

sjónvarpsþáttunum. Það hefði verið gaman að gefa foreldrum Berglindar það. Ég veit að kvöldstundarþáttunum var ekki fargað.

L: Þið takið upp þrjár plötur, eru þið eitthvað að ferðast og spila? Hvar eru þið að koma fram?

G: Það var á einhverjum kosningavökum og þorrablótum og einhverju svona.

L: Var þetta allt í bænum eða? Ferðuðust þið eitthvað um landið?

G: Já, um Verslunarmannahelgina vorum við alveg fljúgandi út og suður.

L: Fóru þið eitthvað út?

G: Nei, við fórum aldrei út til þess að syngja erlendis. Við tókum bara upp þessa einu plötu þarna.

L: Var það aldrei planið?

G: Nei, þá var engin útrásar pæling í gangi.

L: Ég las mér eitthvað aðeins til um það sem þið voru að spila á. Þú spilaðir ekkert alltaf á gítar?

G: Nei, ég skreytti stundum einhverjar línur með flautunni.

L: Hvaða fleiri hljóðfæri notuðu þið?

G: Við bara notuðum ekkert annað. Reyndar á þessari plötu þá fengum við ekki ómerkari mann en Karl Sighvatsson til þess að spila með í einu lagi. Einu eða tveimur lögum. Það var Engilbert Jensen, söngvarinn í Hljómum, hann söng með okkur milliröddina. Það voru nokkrir popparar hérna sem að spiluðu með okkur í tveimur lögum á þessari plötu hérna. Meðal annars í þessu lagi sem ég gerði hérna, „Til hvers“.

L: Er það ekki titill plötunnar?

G: Jú. Dálítið magnað ljóð eftir Davíð Stefánsson, fjallar um stríð og allt svoleiðis. Það var svona beat-að dálítið upp.

L: Ég las hérna að ykkur hafi verið líkt við Ríó tríói. Af hverju er það?

G: Það gæti verið hljóðfæraskipanin. Ríó tríóið leitaði líka svolítið í smiðju Peter Paul and Mary, það var kannski það. Það var svona svipaðar raddanir eða eitthvað. En við vorum svolítið öðruvísi. Það var dálítið mikið hjá Ríó tríói að textarnir væru fyndnir. Þeir voru með rosa smellna texta en það var eiginlega ekki hjá okkur. Þetta var svolítið öðruvísi.

L: Segðu mér aðeins frá umhverfinu sem að þú ert að alast upp í, hverjir eru áhrifavaldar. eru einhverjir fleiri sem eru að spila sem að þið verðið fyrir áhrifum?

G: Nei, eða ég fer að læra á gítar og svo er ég í skátunum og þá er verið að syngja og radda. Svo verð ég háður Savanna-tríóinu. Ég hlustaði ofboðslega mikið á Savanna-tríóið. Ég lærði öll þau lög sem þeir voru með. Þórir Baldursson fremstur í flokki, hann útsetti allt þetta fyrir þá. Ég fór svolítið í þá smiðju að hlusta á eftir öllum þessum hljómagang. Það var dálítill skóli. Ég var mikið að pikka það upp allt saman.

L: Verður það til þess að þú byrjar að semja sjálfur?

G: Nei, það kannski gerist nú bara þegar maður er með gítarinn. Ég lærði ekki á klassískan gítar, ég lærði bara hljóma og þó ég segi sjálfur frá þá var ég orðinn býsna flinkur í svona breyttum hljómunum. Svo þegar maður fer að geta gert svoleiðis, ég hafði gaman að því að lesa ljóð, þá bara ósjálfrátt fer eitthvað að gerast. Þú ert að lesa eitthvað fallett ljóð og þú ferð óvart að setja hljóma við og syngja laglínur.

L: Þegar þú samdir lög var það alltaf lög við ljóð. Þú samdir ekki textann sjálfur?

G: Nei, það var alltaf við ljóð. Það var bara eitt lag sem ég samdi og fékk svo Hörð Zophaníasson, sem var skólastjóri hérna í Hafnarfirði. Ég fékk hann til þess að semja texta við lagið. En að öðru leiti var það bara að maður las einhver ljóð og varð fyrir áhrifum.

L: Hvenær byrjar þú að semja?

G: Það er bara þarna, í kringum 1969-70, þegar þetta byrjar.

L: Ertu ennþá að semja í dag?

G: Nei, nei. Það er dálítið lélegt að segja það en ég hef lagt gítarinn nánast því niður á hilluna. Ég er svona klassískt menntaður flautuleikari. Ég hef verið að spá í það hvort ég ætti ekki að fara að semja þó það væri ekki nema flautu dúettar eða eitthvað. Það hefur ekki orðið að því ennþá en hver veit.

L: Hlustar þú ennþá á plöturnar?

G: Nei.

L: Ertu bara alveg í klassíkinni núna?

G: Nei, ekkert alveg. Ég hlustaði voða mikið á Peter Paul and Mary á þessum tíma, en það er ekkert þannig lengur. Maður hlustar mikið á klassíska tónlist og mikið af flaututónlist. Ég hef líka áhuga á svona passlega flóknum djass.

L: Áður en ég gleymi því, hvaðan kemur þetta nafn Lítið eitt?

G: Heyrðu, það var hann Hreiðar sem var með okkur í byrjun. Við vorum með alls konar hugmyndir. En hann kom með þetta hvort það væri ekki bara sniðugt að heita Lítið eitt?

L: Hvaða nöfn komu til greina?

G: Ég man það ekki.

L: Hélduð þið einhvern tímann tónleika, bara þið?

G: Nei. Bara á skemmtunum.

[Viðtalið endar á því að Gunnar fer í gegnum úrklippubókina.]

Viðauki V

Viðtal Lindu Bjargar Guðmundsdóttur við Þorgeir J. Andrésón, 9. desember 2013.

L: Ég kom hérna með Fóstbræðrasögu, ég fann í henni eina mynd af ykkur í barbershop kvartettnum ef þú vilt skoða.

Þ: Já, ég hefði nú gaman að því.

L: Þessi mynd er tekin 1981. Þið eruð í alveg svaka fínnum búningum.

Þ: Já, allavega hattar og eitthvað. Þetta eru mennirnir. Hann Þorsteinn, þessi sem að situr fyrir framan okkur, hann þjálfaði okkur.

L: Var það hann sem átti frumkvæðið að þessu?

Þ: Ég hugsa það. Ég man þetta nú illa, það eru nú yfir 30 ár síðan þetta var. Síðan sungum við, þetta var nú ekki lengi, kannski tvö, þrjú ár. Svo hætti ég nú í Fóstbræðrum og Sveinn líklegast líka. Hann er líffræðingur. Það eru allir á lífi, nema Þorsteinn, hann er látinn. En Þorsteinn Helgason var potturinn og pannan í þessu. Hann þjálfaði okkur upp. Hann er bróðursonur séra Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði. Þannig að hann er úr músíkættum. Þessi mynd er ábyggilega tekin heima hjá honum. Hann kallaði okkur heim til sín og við sungum þar saman og æfðum saman. Þorsteinn var búinn að vera í Fóstbræðrum í áratugi og var mikill músíkant og stjórnaði kórnum stundum og spilaði ágætlega á píanó. Hann var alltaf viðkvæmur þegar við vorum eitthvað að stressa okkur upp í þessu og sagði hann alltaf: „Strákar, strákar, það er ekkert að gerast. Rólegir, það er ekkert að gerast!“ Það sagði hann til að róa okkur niður. Ég hætti í Fóstbræðrum 1983, held ég. Þá lagðist þetta af hjá okkur. Ég man ekkert þó þú myndir spyrja mig hvaða lög við höfum sungið, það man ég ekki. En ég er alveg viss um það að strákarnir hérna, sérstaklega Björn Emilsson og Einar Ágústsson sem eru hérna á myndinni, þeir myndu geta sagt þér meira um það sko. Svo fóru Fóstbræður þarna í söngferðalag, má ég segja 1982, það var heljarmikil hátíð í Bandaríkjunum sem hét „Skandinavia Today“. Mikil hátíð þar sem að tónlistarhópar frá Skandinavíu, eða frá Norðurlöndunum réttara sagt, og þar voru Fóstbræður, komu frá Íslandi og Jónas Ingimundarson hefur stjórnað okkur þá. Þetta er nú það sem ég man frá þessu.

L: Kom barbershop kvartettninn fram líka?

Þ: Já, hann kom fram en það var ekki svona á tónleikum heldur á kvöldum þegar menn voru að skemmta sér, þá tróðum við upp mjög gjarnan þá. Svo sungum við nú hérna heima einhvern tímann á einhverju afmæli Fóstbræðra, ég man eftir því að það var í Háskólabíói, þá komum við fram einu sinni. Svo komum við fram í sjónvarpinu í einhverjum skemmtiþætti í sjónvarpinu.

L: Manstu hvað þátturinn hét?

Þ: Nei, ég man ekki hvað hann heitir en þetta hefur verið á þessum tíma 1980-81. Það var svolítið mikið lagt í það sko. Það var fenginn einhver rakarastóll og við vorum að raka einhvern mann þarna, löðrandi í sápu og við sungum yfir honum. Það er ekkert voðalega langt síðan að ég sá svona einhvern bít af þessu í sjónvarpinu. Það getur vel verið að þeir eigi þetta. Þá myndir þú geta hlustað á þetta. Ég held að það sé svona eina upptakan nema ég gæti vel trúað því að Björn Emilsson og Einar Ágústsson, fyrsti bassinn og annar bassinn. Ég hef trú á því að þeir eigi og hafi safnað einhverju. Við höfðum æft heima hjá Birni og það getur vel verið að hann hafi tekið eitthvað upp. Þeir gætu örugglega sagt þér meira en ég um hvað við vorum að syngja. Ég man ekki neitt einasta lag.

L: En þú getur kannski sagt mér, þið voru þá bara að syngja ensk lög?

Þ: Jú, þetta var allt amerískt. Þetta voru þessi barbershop lög sem einkennast af því að annar tenórinn, hann er með laglínuna og svo söng ég fyrsta tenórinn fyrir ofan. Sveinn Ingvarsson var annar tenór.

L: Björn söng hvað?

Þ: Hann var fyrsti bassi, ég var fyrsti tenór, Einar Ágústsson var annar bassi. Ágætis söngmenn sko.

L: Var það einhver sérstök ástæða fyrir því að þið fjórir voru valdir?

Þ: Ég hugsa að Þorsteinn hafi bara pikkað okkur út. Við höfðum ekki frumkvæði að þessu þannig, eða það gæti þó verið að Björn Emilsson og hann, þeir voru nú félagar miklir. Björn, Emil og Þorsteinn sungu saman í 14 Fóstbræðrum, held ég. Svo vorum við miklu yngri, við Sveinn. Þeir hafa bara fengið okkur og Þorsteinn hefur ábyggilega haft frumkvæði að því að húa þessu saman og halda þessu saman, halda okkur við æfingar og svona og reyna að vanda til verka. Hann var vandvirkur maður hann Þorsteinn.

L: Ég veit að þú ert með söngmenntun og ert búinn að vera virkur í því. Voru hinir í kvartettnum líka þannig?

Þ: Nei, ég held ekki. En já, það er rétt, ég tók áttunda söngstigið í Söngskóla Reykjavíkur. Kennarinn minn var Garðar Cortes, eldri náttúrulega. Svo fór ég reyndar erlendis en það er önnur saga.

L: Þú mátt alveg segja mér frá því, það er í lagi.

Þ: Það er önnur saga en þarna var það ekki komið til, ég fór erlendis miklu seinna, ég fór 1986-87 til Þýskalands.

L: Varst þú sá eini sem að hélt áfram að syngja?

Þ: Nei, þeir eru ennþá að syngja þessir menn í dag. Ég veit ekkert um Svein, hann var að kenna hérna í Reykjavík, svo atvikaðist það svo að hann tók við búi foreldra sinna, hérna austur á Reykjum, sem að heita Reykir á Skeiðum. Hann er búinn að vera bóndi þar, ábyggilega í 25 ár. Oddviti í sinni sveit og fjallkóngur og hvað eina sko. Einstaka sinnum sé ég hann. Svo erum við núna við Björn að syngja í gömlum Fóstbræðrum. Einar er svolítið heilsutæpur en hann er nú samt örlítið að syngja, en ekki mikið. Svo er Sveinn ábyggilega að syngja í sinni sveit, í kirkjukórnum eða eitthvað.

L: Þeir fóru ekkert í Söngskólann?

Þ: Nei, ekki af mér vitanlega. En ágætir söngmenn. En eins og ég segi það gæti vel verið að þeir eigi einhverjar nótur af því sem við vorum að syngja.

L: Já, það var allt í nótum hjá ykkur?

Þ: Jú, ég hef mesta trú á því að Björn Emilsson eigi eitthvað að gögnum.

L: Áttu þið einhverjar fyrirmyndir? Voru þið að hlusta á aðra kvartetta?

Þ: Nei, það var nú ekki mikið um það. Við tókum þetta bara, Þorsteinn bara spilaði þetta og kenndi okkur raddirnar svo bara létum við vaða. Við þóttum ekkert lélegir þarna í Bandaríkjunum, þeir nefnilega þekktu þetta þar, þetta er algengt þarna. Það var um 1982 sem við fórum þangað. Við vorum að syngja svona tvö, þrjú lög kannski og allt utanbókar, við lærðum þetta allt saman.

L: Það er eiginlega engin hefð fyrir þessu hérna á Íslandi, það að syngja barbershop, ég fann einn annan hóp, Borgarbræður sem var tvöfaldur rakarakvartett, ég fann eina upptöku með þeim. Annars fann ég bara í Fóstbræðrum og ég hef mikinn áhuga á því að vita hvernig það kemur til.

Þ: Eins og ég segi þá hef ég mikla trú á Birni Emilssyni. Hann er eiginlega svona maðurinn sem gæti sagt þér eitthvað um þetta. Hann er vélfræðingur, kenndi lengi í vélskólanum. Sveinn er líffræðingur og bóndi. Ég í verkfræðinni.

L: Passar það að þið séuð að koma fram á fjáröflunarskemmtunum hjá Fóstbræðrum?

Þ: Það getur vel verið.

L: Tóku þið aldrei upp það sem þið sunguð?

Þ: Nei, nema þetta sem er til í sjónvarpinu og heima hjá Birni. En það var svo mikið af kvartettum en þetta er kannski svona einsdæmi á Íslandi að vera með barbershop. Það voru ótal kvartettar út um allt. Við náðum aldrei svo langt að gefa út plötu. Það var miklu meira mál þá að gefa út. En það var gaman að þessu.

L: Var þetta létt eða erfitt að syngja „close harmony“?

Þ: Mér fannst þetta bara dálítið erfitt. Maður þurfti að hafa þetta hreint því það var enginn undirleikur. Við þurftum að vera hreinir og einbeittir í þessu. 1982, þá er ég 35 ára. Ég byrjaði frekar seint þannig séð að syngja. Svo gaf maður í.

L: Manstu nokkuð að barbershop hafi verið spilað í útvarpinu?

Þ: Nei, ég man ekki eftir því. Það er örugglega til á plötum samt. Mér leið ekkert alltaf vel að syngja þarna uppi. Þetta var oft spurning um hvort maður ætti að fara í falsettu eða syngja „full-voice“, Þorsteinn stýrði því svolítið. Hann var mjög músíkalskur og vandvirkur og róaði okkur niður. „Strákar, það er ekkert að gerast.“

L: Ég skal hafa þetta sem einhvern titil í ritgerðinni. „Það er ekkert að gerast“.

[Viðtalið endar á spjalli um kvartetta á Íslandi sem ekki kemur fyrir í ritgerðinni.]

Viðauki VI

Tölvupóstur Rósu Kristínar Baldursdóttur til Lindu Bjargar Guðmundsdóttur, 24. nóvember 2013.

Sæl Linda,
loksins, loksins!

Hugmyndin að stofnun Tjarnarkvartettsins fylgdi í kjölfar söngs nokkurra fjölskyldumeðlima í brúðkaupi norður á Tjörn í Svarfaðardal. Þetta voru systkin Hjörleifs og Kristjáns Hjartarsonar sem höfðu sungið saman í Dómkórnum í Reykjavík. Einhvern veginn varð það úr að við ákváðum að prófa raddirnar okkar saman. Hjörleifur hafði áður sungið um tíma í MK-kvartettinum. Við tvö höfðum líka langa reynslu af kórstarfi; Hjörleifur úr Dómkórnum og ég úr Mótettukór Hallgrímskirkju.

Við Hjörleifur kynntumst fyrst í tónmenntakennaradeild Kennaraháskóla Íslands þar sem við vorum náttúrulega líka að læra kórstjórn og söng og fleira skemmtilegt.

Kristján og Kristjana höfðu bæði tekið mikinn þátt í starfsemi Leikfélags Dalvíkur og þar var mjög mikið um tónlist. Ég veit þau voru t.d. bæði í Saumastofunni eftir Kjartan Ragnarsson, en það var mjög vinsælt leikrit með söngvum.

Það má samt segja að það hafi verið nokkur tilviljun að raddirnar okkar hentuðu saman í kvartettsöng. Við vorum alltaf fjögur og sungum mest megnis a cappella með einstaka undantekningum þó.

Ég átti frumkvæði að stofnun kvartettsins og stjórnaði honum alla tíð. Í því fólst bæði að finna efni, stundum aðlaga það að okkar þörfum og æfa. Ég kenndi raddir og sá um annað það sem að stjórnun lét.

Síðar fengum við til liðs við okkur Gerrit Schuil píanista til að vera nokkurs konar tónmeistari við undibúning og upptöku á 2 fyrstu geisladiskunum. Guðmundur Óli Gunnarsson gegndi svo sams konar hlutverki þegar við tókum upp "Í fíflúlpu" en

Það var geisladiskur sem innihélt eingöngu íslenskt efni sem margt hvert var samið eða útsett sérstaklega fyrir kvartettinn.

Raddskipan var þessi:

Rósa Kristín Baldursdóttir sópran

Kristjana Arngrímsdóttir alt

Hjörleifur Hjartarson tenór

Kristján Hjartarson bassi

Ég verð að segja eins og er að ég man alls ekki hvar við komum fyrst opinberlega fram en við höfðum alltaf alveg ótrúlega fína og góða áheyrendur og nutum mikils velvilja. Það voru ekki starfandi margir samskonar hópar á þessum tíma held ég ég megi fullyrða.

Lagavalið einkenndist mjög af því sem hendi var næst; s.s. í byrjun heilmikið af dæmigerðri íslenskri kóramúsík; bland í poka og allar mögulegar stíltegundir prófaðar. Fyrsti diskur kvartettsins er gott dæmi um þetta. Á honum er að finna alls kyns lög og ljóð, íslensk og erlend. Þar er gamall franskur madrígal, bítlalög, norræn vísnalög og íslensk leikhústónlist allt í einum hrærigraut.

Jú og allavega eitt barbershop lag fylgdi með!

Þegar ég hugsa til þess núna þá sé ég hvað þetta hefði allt verið miklu einfaldara ef veraldarvefurinn hefði þá þegar verið útbreiddur...Í dag er svo auðvelt að finna og panta alls kyns tónlist. Við moðuðum bara úr öllu tiltæku efni!

Við fórum svo nokkuð fljótlega að fá tónskáldum í hendur það verkefni að semja eða útsetja fyrir okkur sem breytti náttúrulega miklu.

Fyrirmyndir? Nánast engar íslenskar. Manhattan Transfer hópurinn var kannski sá frægasti sem við þekktum og var til dæmis MK-kvartettinum mikill innblástur. Við kynntumst hins vegar á tónleikaferðalagi miklum snillingum sem hafa náð

heimsfrægð; The Real Group. Sænskur hópur sem útskrifaðist sem sönghópur frá konunglega sænska tónlistarháskólanum á sínum tíma. Við sungum með þeim á hátíð í Kaupmannahöfn og urðum auðvitað fyrir miklum áhrifum frá þeim.

Það sem skildi okkur hins vegar að frá flestum þessarra hópa var sú staðreynd að við Hjörleifur vorum þau einu í hópnum sem höfðum að baki eitthvert tónlistarnám. Ég frá barnsaldri, fyrst í píanóleik og síðar söng og tónlistarkennaranámi og Hjörleifur sem var sjálfmenntaður gítarleikari lærði svo tónmennt við KÍ eins og ég minntist á áður. Það var því oft mjög erfitt að ná tökum á flóknum útsetningum eins og þeim sem við fengumst við á seinni árum starfseminnar. Nótnalestur var t.d. ekki sterkasta hlið meðlima.

Við ferðuðumst mjög mikið, bæði innanlands og utan. Við sungum á alls kyns tónlistarhátíðum og öðrum skemmtilegum uppákomum og við ólíklegustu tilefni. Við sungum í samkomuhúsum í sveitum landsins; heimsóttum grunnskóla vítt og breitt á suður-og vesturlandi þegar við tókum þátt í verkefninu Tónlist fyrir alla. Við sungum líka í stórum íþróttahúsum, litlum kirkjum....

Við sungum á leiklistarhátíð í Finnlandi, menningarhátíð í Kaupmannahöfn, á heimssýningunni í Lissabon, kvikmyndahátíðum í Mið-Evrópu. Upptalningin er endalaus! Við tókum þátt í leiksýningu "Systur í syndinni" sem Leikfélag Akureyrar flutti. Þar sáuð við alfarið um allan tónlistarflutning auk þess að leika. Hróðmar Ingi samdi og útsetti tónlistina en hann vann mikið með okkur og var okkur mikil hvatning.

Með tímanum má segja að kvartett starfið hafi tekið meiri og meiri tíma og það varð líka mjög mikilvægur hluti af tekjuöflun okkar allra þótt við höfum öll alltaf starfað við eitthvað annað samhliða. Kristján og Kristjana voru í byrjun starfsins bændur á Tjörn og við Hjörleifur kennarar.

Við héldum líka reglulega tónleika og alltaf sérstaka útgáfutónleika þegar diskarnir komu á markað.

Það slitnaði uppúr samstarfinu við skilnað okkar Hjörleifs árið 2000. Tjarnarkvartettinn var sem sagt starfandi af fullum krafti í 10 ár.

Ég flutti frá Íslandi 2002 og hef verið búsett í Salzburg í Austurríki síðan. Ég er prófessor í söngkennslu við háskóla hér og kenndi að auki við Mozarteum tonlistarháskólann.

Ég fór sjálf í frekara nám þegar ég fluttist út og kláraði mastersnám í söngkennslu frá Mozarteum. Ég hef sungið hér og víða í Evrópu og Norður Ameríku bæði sem klassísk söngkona en ekki síður sem söngkona með Jazz Ensemble Úngút sem hefur sérhæft sig í flutningi íslenskra þjóð- og sönglaga í glænýjum útsetningum Peter Arnesen. Við höfum gefið út tvo diska með þessu efni og erum á fullu að kynna nýja diskinn okkar sem heitir "Blástjarnan". Sá fyrri, "songs of iceland" var endurútgefinn af Naxos útgáfunni nú í sumar sem gladdi okkur rosalega mikið.

Ég hef unnið mikið með söngvurum, prófi kórum og líka með kvennasönghópi. Núna stjórna ég stærðar kvennakór og það er frábært! Ekkert sungið aftur í kvartett nema þegar ég syng Schubert eða Mozart messur hér í Salz!

Þú ættir endilega að ná þér í eintak af þættinum sem Rúv gerði um okkur; Sonja B. Jónsdóttir stjórnaði. Mjög finn og skemmtilega unnin heimildarmynd.

Vona þetta svari einhverjum spurningum og að ég hafi nú ekki skrökvað alltof miklu. Skrýtið hvað hlutirnir gleymast! Ertu búin að tala við fleiri úr kvartettinum? Hjörleifur hélt dagbók sem ég vona sé ennþá til. Þar var öllu haldið til haga.

Bestu kveðjur og þú lætur mig endilega heyra ef þú þarft nánari og nákvæmari upplýsingar

Rósa.